


## Orðskýringar við Sjálfstætt fólk

Hér má finna lista með þeim orðskýringum sem eru birtar í 12. útgáfu af Sjálfstæðu fólki eftir Halldór Laxness. Orðskýringarnar eru í stafrófsröð og hægt að leita í þeim með því að fletta í gegnum skjalið eða nota til dæmis Ctrl + F.

Athugið að orðskýringarnar geta aldrei komið alveg í staðinn fyrir notkun orðabóka og gott getur verið að fletta upp orðum á [snara.is](http://snara.is) og [malid.is](http://malid.is) við lesturinn.

Góða skemmtun!



## Orðskýringar

*að berja sér*: kvarta um fátækt eða erfiðleika.

*að fá fætur*: að fréttast (um tíðindi sem berast skjótt).

*að grána á glugga*: birta lítilsháttar (einkum um skammdegisbirtu).

*að hafa gát á sér um ásetning*: gæta þess að *setja* ekki of margt *fé á* að hausti, þ.e. áætla af gætni hversu margar kindur eigi að fódra veturlangt.

*að muna ekki um einn kepp í sláturtíðinni*: (mh.) það munar ekki um lítilræði þegar af nógu er að taka.

*að rjá við*: að fást við.

*að sjá ekki til sólar ... í heiðríku veðri á sjálfan hvítasunnudag*: þetta á að sýna hversu rammheiðin Gunnvör húsfreyja var.

*að þér sé betra að vera við öllu búinn*: að það sé betra fyrir þig að fara að búa þig undir dauðann.

*að þurfa að binda um skeini*: (finnst ekki í orðabókum) þurfa að skammast yfir e-u (eða e-ð í þá áttina).

*að þú hefðir haft þá alla*: að þú hefðir sofið hjá þeim öllum.

*aðdráttarferð*: kaupstaðarferð, ferð til þess að *draga að* (kaupa) vörur úr kaupstað.

*aðdróttun*: dylgjur, gefa e-ð í skyn án þess að segja það berum orðum, áburður.

*aðsópsmikil*: (kona) sem lætur mikið til sín taka, sköruleg.

*af bráðungu*: í snatri. *bráðung*: flýtir.

*af því að hjónin eru þar / öðrum og sér til glaðværðar: góðskáldið, sem þetta kvað, var Eggert Ólafsson (1726–1768). Úr Búnaðarbálki.*

*afarkostir:* mjög harðir kostir.

*afgjarnt er öfundarfé:* (mh.) fé sem aðrir öfunda mann af vill ganga fljótt til þurrðar. (*afgjarn:* valtur, ótryggur).

*afgæðingur:* hroki, útúrsnúningur. *svara afgæðingi:* svara út úr.

*aflagsfé:* það fé sem lógað er og bóndinn fær peninga fyrir.

*aflíðandi ótta:* upp úr klukkan fimm að nóttu. *aflíðandi:* liðið á (óttu).

*aflóga:* uppslitinn, útnýttur (eiginl. e-ð sem lagt hefur verið til hliðar).

*aflægisháttur:* trassaskapur.

*afrifur:* húðleysi (t.d. af völdum ofnæmis).

*afturelding:* dagrenning.

*afturkreistingur:* (bls. 219) vanþroska skepna.

*aftursætur:* (um sæti) sem hallast aftur á bak.

*aka höllu fyrir e-m:* verða undir í viðureign við e-n.

*ala önn fyrir e-m:* sjá e-m fyrir lífsviðurværi.

*Albogastaðafjandinn:* miklir reimleikar áttu sér stað á Hjaltastað í Norður-Múlasýslu haustið 1750. Frásögnin hér af Albogastaðafjandanum er að nokkru leyti byggð á lýsingum á þeim reimleikum.

*aldrei pastursmikill:* ekki þrekmikill.

*aldurtili:* dauði, dauðamein.

*aldýr sléttubönd:* sléttubönd má lesa hvort heldur sem er áfram eða aftur á bak. *Aldýr* voru þau kölluð ef þau voru rímuð í öllum bragiðum.

*aldýra:* mjög dýrt kveðin sléttubandavísa.

*alin:* mælieining lengdarmáls (mislöng eftir tímaskeiðum, oft um 60 cm).

*alls vesalla:* að öllu leyti aumra. (orðalag úr Hávamálum).

*Allt eins og blómstrið eina:* sálmur eftir séra Hallgrím Pétursson (1614–1674) sem heitir raunar *Um dauðans óvissan tíma* en gengur yfirleitt undir þessu nafni sem sótt er í upphafslínu í fyrsta erindi sálmsins. Sálmurinn hefur verið sunginn yfir moldum flestra Íslendinga frá því á sautjándu öld.

*alsnjóa:* alþakinn snjó.

*allt er gott hvað á eykur:* (mh.) allt er það gott sem bætir við (stækkar e-ð).

*amboð:* áhöld, heyskaparverkfæri (orf, hrifur o.s.frv.)

*amstra:* bjástra.

*andlaust*: lífvana.

*andróður*: andstaða, mótstaða.

*Andskota af því þér er úr að aka ...*: Fjandakornið það er varla hægt að ræða við þig ...

*anganóra*: gæluorð um barn, krakkaskinn, barnungi.

*angráður*: hryggur, dapur.

*annarlegur*: kynlegur, undarlegur, framandi.

*annars þegn*: (bls. 87) undirsáti, maður sem er í vinnu hjá öðrum, öðrum háður með húsnæði o.fl.

*annálaður*: víðfrægur, vel þekktur, sbr. *annáll*: árbók. (1. kap.)

*annáll*: eins konar árbók eða sagnfræðirit þar sem helstu viðburðir hvers árs eru skráðir, sbr. lat. *annalis*: árlegur.

*annexía*: útkirkja frá aðalkirkju eða prestssetri, úr lat. *annexa ecclesia*, eiginl: kirkja sem tengd er við.

*annexíusókn*: sókn sem prestur þjónar á útkirkju. (komið í kafla 3 – annexía)

*antigna*: biðja bölbæna, smána, lasta (to. úr d. *antegne*).

*apalgrár*: gráýróttur, gráflikróttur.

*ar*: rykkorn í lofti sem sólargeisli skín á.

*Arons gulltarfur*: vísun í Biblíuna en Aron var bróðir Móses en reis gegn honum og bjó til gullkálff sem þjóðin tilbað. (2. Mósebók 32).

*arta upp á e-ð*: sinna um e-ð, (bls. 564) gera við e-ð, sinna viðhaldi.

*atbeini*: hjálp, aðstoð.

*auðnuvegur*: gæfuvegur.

*auðvaldið*: kapítalisminn.

*augalaus hríð*: blindhríð.

*augnakarl*: skál mjaðmarliðar. *snúa* (ganga) úr *augnaköllunum*: fara úr mjaðmarliðnum.

*augnatillitið í Grettis sögu*: átt er við Glámsaugun sem frá er sagt í 35. kafla Grettis sögu.

*aví*: heill, sæll (*ave* lat. kveðjuorð).

*avísblöð*: dagblöð (úr d. *avis*: dagblað).

*axarkjagg*: öxi, oft lítil og fremur léleg.

*á blóðvelli*: þar sem búfé er slátrað.

*á ofanverðum biskupsdögum herra Guðbrands*: á síðari hluta biskupstíðar herra Guðbrands biskups Þorlákssonar (1542–1627).

[við bændurnir verðum að standa saman um okkar hagsmunamál] *á sama hátt og þeir byrjuðu á í Þingeyjarsýslum fyrir meir en þrjátíu árum*: átt er við stofnun elsta kaupfélagsins, Kaupfélags Þingeyinga, að Þverá í Laxárdal árið 1882.

*ábringa*: (um kind) vel feitur, bringufeitur.

*ábrystur/ábrystir*: mjólkurmatur, hleyptur úr broddmjólk, þ.e. úr fyrstu mjólk eftir burð áa (kinda) eða kúa.

*áður en hann brygði aftur*: áður en veðrið breyttist.

*áfreði*: svellalög, snjóstorka.

*ái* (ft. *áar*): forfaðir, langafi.

*álag*: (bls. 360) frosið snjólag.

*ámálga*: færa í tal, brydda upp á, nefna.

*án þess að samkjafta*: án þess að þagna (yfirleitt með neitun).

*ánetjast bönkunum*: festast í neti bankanna. *ánetjast e-u*: verða háður e-u.

*ár*: (bls. 373) góðæri.

*ári*: sendiboði; púki, illur andi.

*árnar eru skaraðar*: ísskarir eru með árbökkunum.

*ásauður*: mjólkandi ær, (bls. 135) sauðfé.

*áta*: andlitin virðast grafa sig inn í vitund hennar eins og áta grefur sig inn í hold eða bein (sbr. beináta).

*áttadagur (áttidagur)*: áttundi dagur jóla, nú nýársdagur.

*átti að snúa henni við átján sinnum*: talan 18, sjá orðskýringu við „í átján ár“ bls. 16.

*baðstofan var orðin dálítið snöruð*: baðstofan var tekin að hallast lítillega.

*bakbíta*: rægja, baktala, ófrægja.

*bakfiskur*: bakvöðvi. *fiskur*: (bls. 608) vöðvi. *stæla í e-m bakfiskinn*: efla eða styrkja e-n.

*baldinn*: óþægur.

*banakringla*: efsti liður hálsliðanna.

*bandormurinn*: (bls. 25) sullaveikiormur.

*bankabygg*: gróft bygg.

*baraxlaður*: með háar og beinaberar axlir.

*barði*: (bls. 270) illeppur í skó.

*barningsmaður*: dugnaðarmaður, erfiðismaður.

*baugalín*: kona.

*bábilja*: hégilja, hindurvitni, bull.

*bálkur*: (bls. 133) rúmstæði.

*báru ekki frammar bleyðiorð*: var ekki frammar brugðið um kjarkleysi, sbr. *bleyði*: hugleysi og *blauður*: huglaus, ragur.

*beitarhús*: fjárhús, yfirleitt allfjarri bæjarhúsum þar sem hægt var að halda fé til *beitar*: nýta þann gróður sem fé gat bitið að vetrarlagi.

*beituskúr*: skúr þar sem menn beita línu til fiskveiða.

*bekkjast til við e-n*: hrekkja e-n.

*Benediktus*: blessaður. (úr lat. *bene*: vel. *dicere*: segja).

*bera baggana*: (bls. 389) vera úttroðinn af mat.

*bera brigður á e-ð*: rengja e-ð, draga e-ð í efa, vefengja.

*bera e-ð á hurðir*: hafa mikið af e-u, eiga e-ð umfram þarfir.

*bera hver annan út á hræsibrekkur*: rægja hver annan, tala hátt um ávirðingar hver annars.

*berangur*: (bls. 174) snjóltil en frosin jörð.

*Berðu-Kári*: sögupersóna í Egils sögu Skalla-Grímssonar. Félagi Kveld-Úlfs, afa Egils „...hinn mesti afreksmaður að afli og áræði; hann var berserkur.“

*berja fótastokkinn*: (um reiðmann) slá fótunum í síður hestsins, til að hvetja hann áfram.

*berja sér*: lemja sig utan með handleggjunum.

*berja*: (bls. 452) að berja sundur tað, mylja það svo það nýtist betur sem áburður.

*Bernótus Borneyjarkappi*: söguhetja úr rímum.

*betri er ein kráka í hendi en tvær í skógi*: (mh.) betri er öruggur ávinningur en óviss von um eitthvað meira en það.

*beygur*: ótti.

*binda úr lönunum*: binda heyið í bagga úr heysætunum (svo hægt sé að flytja það heim).

*bitlingur*: (bls. 167) létt en allvel borgað verk, hyglun.

*bíldskurður*: (bls. 228) tréskurður.

*bjargálnamaður*: maður sem kemst allvel af, fjárhagslega þokkalega stæður maður.

*bjargálnamenneskjur*: fólk sem getur framfleytt sér sjálft. *Vera bjargálna*: vera sæmilega stæður fjárhagslega.

*Bjartur sat ... ekki á neinum venjulegum reiðskjóta, heldur á þeim einum reiðskjóta sem sæmir hinum frægustu ævintýrum*: Hér er ef til vill verið að vísa í ferðalag sem sögupersóna í leikriti eftir norska leikritaskáldið Henrik Ibsen (1828–1906) lendir í. Leikritið heitir *Peer Gynt* (Pétur Gautur).

*Bjartur setti á með djarfasta móti*: valdi lömb með djarfasta móti til undaneldis (miðað við heyforðann).

*Bjartur var í verra horninu*: það lá illa á Bjarti.

*Bjartur var rekinn upp í hrútshorn*: Bjartur var í versta skapi, fúll og önugur.

*Björnstjerne Björnson*: (1832–1910) norskt skáld og rithöfundur.

*blankuskór*: stígvélaskór, búðarskór úr leðri.

*blá, bláar – blár*: mýri, flói, flatlendi sem liggur undir vatni.

*bleð svo kállegginn að grói annað sinn*: (mh.) kál ber að grisja en ekki rífa það upp með rótum. (Bjartur á við að þótt hann hafi misst mikið þá muni gróa um heilt ef Guðmundur taki við jörðinni).

*blestur í máli*: málhaltur (á einhvern hátt, á bls. 367 *gormæltur*: kverkmæltur, á bággt með að mynda r-hljóð).

*blíð er bætandi hönd*: (mh.) góð er sú hönd sem græðir.

*blotaél*: hlákuél, slydduél.

*blómursiður*: blóðmörskappur.

*blómurspottur*: blóðmörspottur.

*boðunardagur Maríu*: 25. mars (enda eru þá níu mánuðir til jóla).

*borða einmælt*: borða einungis eina máltíð á dag, gert í neyð á vorin.

*bosmamikil*: (um konu): digur, stór, fyrirferðarmikil.

*bóndahæll*: annar af tveimur hælum orfsins sem haldið var um þegar slegið var. *Halla sér fram á bóndahælinn*: styðjast fram á orfið.

*bragandi*: lýsandi. Af so. *braga*: lýsa, leiftra.

*brakki*: sama orð og *braggi* (bls. 590) svefnskáli.

*brangsa og bardúsa*: bralla og dútla, vasast í.

*brask*: (óformlegt) óheiðarleg viðskipti, prang.

*brauð*: (bls. 150) prestakall.

*brá við skildinum*: brást til varnar.

*brá*: augnhár, augnalok.

(*það*) *bráði af henni*: henni létti, henni leið betur.

*bráðum gengin fyrir gafi*: rétt ófermd (um Ástu Sóllilju). *ganga fyrir gafi*: vera til altaris, fermast (átt mun vera við kirkjugaflið þar sem altarið er).

*bregða sér út undir vegg*: (bls. 499) kasta af sér vatni, eiginl. gera e-ð mjög hversdagslegt.

*brekán*: ofin (köflótt) rúmabreiða. (to. úr gelísku).

*bringa*: (bls. 261) grasi vaxin bunga í hlíð.

*bringukollur*: bringustykki af slátruðu dýri.

*brík*: fjöl á brún eða barmi e-s.

*brjóstveikur*: (bls. 21) berklaveikur.

*brok*: ský sem tæstast fyrir vindi, hvít ský á fjallabrúnum sem hrekjast fyrir vindi.

*brotið á lindinni*: ísinn brotinn.

*bródera*: sauma út (to. úr d./fr. *broder*: sauma út).

*brýna* no.: það sem slegið er milli þess sem ljárinn er brýndur.

*brýnustu þörfina er mest að meta*: (mh.) það verður að hafa forgang sem brýnast er, þ.e. það sem skiptir mestu eða er nauðsynlegast. *brýnn*: sem mikið liggur á.

*bræðingur*: tólg og lýsi sem brætt var saman og notað til viðbits, t.d. með brauði.

*bura*: yfirhöfn (yfirleitt fremur léleg).

*búa sólarmegin/forsælumegin í lífinu*: búa við góð kjör eða slæm.

*búfræðingsælingi*: neikvætt orð um búfræðing. *ælingi*: ógerðarlegur maður.

*búkonuskegg*: skegghýjungur á konu (talinn sýna búkonuvit).

*búksorgir*: áhyggjur af afkomu sinni, mataráhyggjur.

*búrtík*: (um karlmann) maður sem liggur inni í bæ og þorir ekki út ef e-ð er að veðri.

*búskussi*: lélegur bóndi.

*bústinn*: hnellinn, þybbinn, feitur.

*byrsla*: millipil eða skilrúm milli bása í fjósi.

*být þínum krafti breyskri lund*: úthluta krafti þínum fyrir ístöðulausa sál.

*bæði í bundnu máli og óbundnu*: bæði í skáldskap sínum og lausu máli.

*bæjardyravilpa*: forarpollur, þró eða fen við bæjardyr.

*bæjargætt*: dyragætt. *gætt*: gátt, bilið milli stafs og hurðar.

*bölmóður*: sorg, erfiðleikar, mæða.

*bölti*: hjalli, barð.

*(svindlara)dabbía*: sukk, fen.

*dagmál*: eykt eða eyktamörk um níuleytið að morgni.

*dammur*: blaut föt.

*dampskip*: gufuskip.

*danski rjóminn*: (bls. 82) áfengi.

*dauðans kaleikur*: bikar dauðans. (to. ættað úr lat. *calix*).

*dauðyfli*: (bls. 20) hræ; (yfirleitt) daufgerður maður.

*dauðyflisháttur*: haga sér eins og maður sé líflaus, sinnuleysi, roluháttur.

*dekk*: skjólhlíf (to. úr d. *dæk*).

*dellingsmögur*: sólin.

*des*: (bls. 262) beð í kálgarði. (Líka bls. 48)

*deyr fé*: fræg ljóðlína úr *Hávamálum* (76. og 77. vísa).

*dilkur*: lamb á hausti, lamb sem sýgur móður sína.

*dirra*: dingla.

*dont*: droll, dund, leti.

*drafna niður*: rotna, úldna.

*drag*: lægð milli hæða, aflíðandi halli.

*draga dár að e-m*: gera grín að e-m. *dár*: spott, spé, háð.

*draga fram mínar kindur*: ná að láta fé mitt lifa til vors, tóra, sbr.: *draga fram lífið*: lifa við þröngan kost.

*draumhygð*: draumlyndi.

*drápsklyfjar*: (of) miklar og þungar klyfjar sem lagðar eru á hross.

[rússnesku bændurnir og verkalýðurinn í borgunum] *drápu keisarann*: hér er átt við byltinguna í Rússlandi 1917 og afleiðingar hennar.

*drellir*: (bls. 354) e-ð stórt og slyttislegt.

*drepa hendi við*: hafna, vilja ekki þiggja. *drepa*: (bls. 70) slá.

*drepa ofan á*: (bls. 200) smyrja brauðsneiðina.

*drifin smíð*: smíði með upphleyptu munstri.

*dróg*: (óvirðulegt) bikkja, trunta, húðarklár.

*drymbini*: drumbur, eitthvað stórt og fyrirferðarmikið.

*dulvitund*: undirvitund. Hér eins og raunar víðar í sögunni virðast koma fram skýr áhrif frá kenningum S.Freud (1856–1939).

*dumbur*: hljóður, mállaus, þögull.

*dumma*: fara hægt, vera doðalegur.

*dúsa*: einhvers konar snuð eða tútta sem fyllt var með tuggnum mat og gefin ungbörnum.

*dylgja um e-ð*: tala undir rós, gefa e-ð illt í skyn án þess að segja það berum orðum.

*dymbilvika*: vikan sem hefst á pálmásunnudag og lýkur á laugardag fyrir páska (þá var *dymbill*, trékólfur settur í klukkur).

*dymbingskafald*: snjócoma, dimm og mikil ofankoma.



*dyradrótt*: þverbiti yfir dyrum.

*dys, dysja*: óvönduð (heiðin) gröf utan kirkjugarðs, oft grjóthrúga. Sögnin að *dysja* merkir að gera e-m slíka gröf án viðhafnar. Það var forn trú að menn ættu að henda steini í slíkar dysjar þegar menn ættu leið fram hjá þeim því að þá slyppu þeir við óhöpp.

*dýflissa*: fangelsi, svarthol.

*dýrbítur*: refur sem leggst á sauðfé.

*dýrin hama sig*: snúa sér undan vindi.

*dýrt kveðin vísa*: vísa sem er mjög mikið rímuð.

*dægra*: liggja fram eftir degi og fara ekki á fætur fyrr en seint.

*dægrabrigði*: dagamunur, viðbrigði.

*döglings arfinn*: konungssonur, (bls. 128) Grímur hinn príúði.

*dögurður*: dagverður, morgunverður.

*e-ð er ekki upp á marga fiska*: e-ð er ekki mikils virði, e-ð er verðlítið eða lélegt. (*fiskur* var gömul verðmætiseining).

*e-ð fer forgörðum*: e-ð glatast, e-ð eyðileggst.

*e-ð gerir í blóðið sitt*: (um sláturfé), gefa nógan mör til að búa til blóðmör úr öllu blóðinu. (Bjartur á að vísu við holdafarið á rauðsmýrarfrúnni).

*e-ð hlægir (hlægði) e-n*: e-ð kemur e-m til að hlæja.

*e-ð leikur ekki á tveim tungum*: e-ð er hafið yfir allan vafa, er engum efa bundið.

*ef að knífir*: ef að kreppir, ef að þrengir. *knífa*: vanta, skorta, komast í þröng. (to. úr d. *knipe*).

*ef hann skyldi rjúka upp*: ef veðrið skyldi versna og hvesa.

*ef hún væri fól*: ef hún væri til sölu.

*ef kenni ég til feikna*: ef ég finn til mikils (mótlætis).

*Egill Skallagrímsson [...] og settur steinum*: frá þessu atviki segir í 78. kafla Egils sögu. Einar skálaglamm hét vinur Egils. Hann gaf Agli fagurlega skreyttan skjöld en venjan bauð að sá sem þægi slíka gjöf ætti að yrkja um gjöfina. Egill reiddist gjöfinni.

*eiðbrigði*: eiðrof, það að rjúfa svardaga.

*eiga ekki fóður undir fat*: vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið, vera stórlega hissa.

*eiga hönk upp í bakið á e-m*: eiga inn á hjá e-m (greiða eða e-ð slíkt).

*eiga í fullu tré með e-ð*: eiga í vandræðum með e-ð, eiga nóg með e-ð.

*eiga sín von*: vera að því komin að bera.

*eiga við að rjá*: eiga við að fást, við að glíma.

*einhver hefur þar gengið um garða*: (bls. 337) verið þar á ferð, einhver er valdur að þunguninni.

*einhöm* (kvk.), *einhamur* (kk.): sú eða sá sem getur skipt um *ham*, þ.e. ytra gervi líkamans.

*einokunartíminn*: það tímabil í sögu Þjóðarinnar sem kennt er við dönsku einokunarverslunina (1602–1787).

*eins og það er sig til*: eins og það leggur sig, allt.

*eisu brunna þellur*: konur.

*ekkert útbært*: ekki tilbúin(n) að láta frá sér, gefa af. (bls. 17 – komið)

*ekki er bitið úr nálinni með e-ð*: ekki er búið að ljúka e-u fullkomlega, ekki er enn búið að finna fyrir illum afleiðingum e-s.

*ekki giska skrafinn*: ekki mjög ræðinn.

*ekki jafnósorað*: ekki jafn óumdeilt. *ósoraður*: algjör, óbifanlegur, skilyrðislaus.

*ekki loku fyrir skotið*: ekki útilokað, e-ð er hugsanlegt.

*ekki meira en seilingarhæð*: ekki hærra en svo að maður getur *seilst* til þess (teygt sig eftir) með uppréttum handlegg sínum.

*ekki no.*: kjökur og skjálfti eftir ákafan grát.

*ekki par*: ekki neitt, alls ekkert. *par*: e-ð lítið af e-u, ögn.

*eljumanneskja*: dugnaðarmanneskja. *elja*: dugnaður, atorka, iðjusemi.

*elna í augum*: hitna í augum, tár koma í augun. (*elna*: aukast,vaxa).

*e-m skjöplast* mm. óp.so.: e-m skjátlást, e-r gerir skyssu.

*emaléra*: smelta, þekja glerungi og skreyta.

*embætta skepnur*: gefa skepnum fóður og brynna þeim (og mjólka).

*enginn kann öðrum mat að kjósa*: (mh.) enginn getur valið mat fyrir annan mann.

*enginn sælli búið við brjóst fjalladrottningarinnar*: (óbeint) úr ljóði eftir Sigurð Jónsson frá Arnarvatni 1878–1949.

*enginn verður óbarinn biskup*: (mh.) enginn kemst til metorða án þess að leggja hart að sér, mikið skal til mikils vinna.

*enginn þarf að fara í grafötur um e-ð*: enginn þarf að velkjast í vafa um e-ð.

er hæfa í því: er e-ð hæft í því, er fótur fyrir því.

*er menn fóru til sjósóknar undir Jökul*: átt er við ferðir vermannanna (sjómanna) undir Snæfellsjökul.

*erfðagóss*: (góður) gripur fenginn að erfðum.

*erfitt skal þér að ganga á móti minni giftu, flagðið*: Bjartur talar hér í fornsagnastíl en á líkan hátt er t.d. tekið til orða á einum stað í Njálu. (Orð Njáls við Kára í kafla 111) *gifta*: hamingja, gæfa. *flagð*: tröllskessa.

*eyktir*: sólarhringnum var skipt í átta skeið sem nefndar voru *eyktir*. Þær voru t.d. *hádeggi* (12:00), *nón* (15:00) og *miður aftann* (18:00).

*eyrnaskefill*: verkfæri sem notað var til þess að skafa úr eyrunum.

*Ég lifi og ég veit*: jarðarfarrarsálmur, þýðing eftir Stefán Thorarensen (1831–1892).

*ég orti mér til hugarhægðar / en hvorki mér til lofs né frægðar*: Einar í Undirhlíð vitnar hér í ljóðið *Kvæðalaunin* eftir Pál Ólafsson 1827–1905. (bls. 10)

*Ég veit samt ekki betur en kvenfólk þurfi sinna muna með engu síður en grasbítur*: ég veit samt ekki betur en kvenfólkið þurfi sitt (þurfi að láta sinna sér) engu síður en skepnurnar. (*munur*: hugur, löngun; ást, yndi).

*falla í dá*: (bls. 42) falla í óvit eða *trans*: ná sambandi við annan heim, sbr. lat. *transire*: fara yfir um.

*fangbrögð*: glímubrögð, glímutök.

*fantur*: (drykkjarlát) lítil leirkrukka eða krús.

*fara á fjörunnar um e-ð*: leita eftir e-u hjá e-m, mælast til e-s af e-m.

*fara dagfari og náttfari*: ferðast jafnt að nótt sem degi, leggja dag við nótt á ferðalagi.

*fara í þrakk*: fara að rífast, þrasa, þrefa.

*fara ofan í* (um skepnur): lenda í keldum eða djújum og sökkva og ná sér ekki upp þaðan og deyja þar ef þeim er ekki bjargað.

*fordagar*: svo voru þeir dagar nefndir þegar fólk flutti búferlum á vorin (lok maí – byrjun júní).

*farga*: drepa.

*fargan*: óstand, óregla, ólag.

*farikjöt*: kjöt af sjálfdauðri skepnu.

*farmanslöngun*: löngun til þess að sjá önnur lönd.

*fastalæsingur*: snjór í samanbörðum sköflum sem þó eru ekki mannheldir.

*fá bitling*: (bls. 167) fá aukabita, létt en þökkalega borgað verk.

*fá sína vöru selda*: komast að e-u fullkeyptu, fá maklega refsingu.

*fáleikar*: þykkja, kali, óvild.

*fár sem faðir, enginn sem móðir*: (mh.) fáir eru (barni) jafngóðir sem faðir og enginn sem móðir.

*fásinna*: vitleysa, heimska, ósvinna.

*feigur*: dauðvona, sá sem á skammt eftir ólifað.

*fela eldinn*: fela glóð undir öskulagi á kvöldin svo að hægt sé að kveikja upp að morgni.

*fella af*: ljúka þrjóni.

*felmtuð*: hrædd. *felmtur*: (skyndi)ótti, hræðsla. *felmtsfullur*: óttasleginn.

*feyskinn*: fúinn.

*feyskja*: gera fúið.

*fé gangi vel undan*: fé komi vel undan vetri, sé vel alið og í góðu ástandi eftir vetrarfóðrun.

*féskúfur*: hárskúfur, sveipur á enni eða milli augna á sauðfé.

*filla*: (bls. 234) þekja á heytótt (þ.e. þaklaust heystæði) sem hey hefur verið gefið undan.

*finna e-m e-ð til foráttu*: finna e-m e-ð til ámælis. *forátta*: galli, löstur.

*finngálkn*: einhvers konar töfra- eða furðuskepna; mannhestur, sbr. kentár hjá Forn-Grikkjum sem var maður að ofan en hestur að neðan.

*firn*: ódæmi, glapræði, býsn.

*fiskdálksvígindi*: mynstur fiskdálks (klömbrulögin, skáhöll á víxl líkjast beinaröðum á fiskdálki).

*fiskpíka*: sá hluti sporðstykkis sem hryggbein fylgja ekki.

*fitja upp á*: (bls. 106) hefja samræður um nýtt efni. (eiginl. m. að byrja þrjónastykki, t.d. sokk).

*fitonskraftur*: reiði, æði. (to. úr lat./gr. *fíton*: eiginl. upphaflega *spásagnarandi*).

*fjallkóngur*: gangnaforingi, sá sem stjórnar göngum á afrétti á haustin.

*fjallskil*: skylda bónda til að inna af hendi ákveðinn dagsverkfjöldi í fjárleitum á haustin.

*fjeritigi*: (staðbundið) fjörutíu.

*fjórar póstungur niður á mó*: stinga þurfti ekki nema fjórum sinnum með stunguspaða (þ.e. *páll*) til þess að komast niður á mó. *mór*: (bls. 40) jarðlag úr jurtaleifum sem þurrka má og nota til eldsneytis.

*fjórsettur gluggi*: gluggi með krosspósti og fjórum rúðum.

*fjöðurstafur*: pípan neðst á fjöðurstaf (af stórum fugli, t.d. álft) sem sjúga mátti mjólk í gegnum.

*fjörbrot*: dauðateygjur. *fjör*: (bls. 361) líf.

*fjörður*: (bls. 13 kvk.) firðir.

*fjöregg*: líftaug, aðalbjargræðisvegur. Í þjóðsögum segir frá tröllum sem áttu sér *fjöregg* sem líf þeirra var bundið við.

*fjörgyn*: (skáldskaparmál) jörðin.

*flagari*: kvennabósi.

*flatrím*: lélegt, tilkomulítið rím.

*flaut tunglið ... inn í bakka*: þ.e. skýjabakka.

*flautabyrill*: áhald til þess að þeyta undanrennu (og þá urðu til svokallaðar *flautir*).

*flá* (ft. *flár*): (bls. 37 líklega) mosafláki í halllendi.

*fleðusál*: hræsnari, smjaðrari, sleikja.

*fleygja sér*: leggja sig (til svefns).

*fleygur*: vínflaska (lítill), peli, vasapeli.

*flipi*: (lafandi) neðri vör á hesti.

*fljóð*: stúlka.

*flosna upp*: missa jarðnæði, verða að hætta búskap vegna erfiðleika.

*flóðarmækir*: svellbunki milli kletta, flóamet (sama m.)

*flór*: gólfrenna aftan við bása í fjósi.

*flugumaður*: (bls. 230) launmorðingi.

*flumósa*: flaumósa, með óðagoti, óðamála. *koma flumósa*: koma þjótandi.

*flúskrast á*: tuskast, fljúgast á.

*foldgnátt fjall*: fjall sem rís hátt yfir umhverfi sitt. *fold*: land, jörð. (úr þýðingu eftir Gísli Brynjúlfsson 1827–1888).

*forbígenginn*: sá sem gengið hefur verið fram hjá, smælingi.

*forborin*: borin fram.

*fordild*: hégómaskapur, tilgerð. (sbr. þ. *Vorteil*: kostur, yfirburðir).

*formerkja*: verða var við, taka eftir.

*forneskja*: (bls. 6) galdrar.

*fornslægja*: engi sem ekki var slegið árið á undan.

*fors*: ofsi, hroki. (to. úr lat. *fortis*: sterkur).

*forskyggna* óp.so.: dimma í lofti.

*forsorga e-n*: sjá fyrir e-m, annast e-n.

*forsóma*: vanrækja. (to. úr d. *forsomme*).

*forstand fyrir heilan hrepp*: heill hreppur var á ábyrgð hreppstjórans. *forstand*: (bls. 280) forráð.

*forstand*: vit, skynsemi.

*forstandskindur*: skynsamar kindur. *forstand*: vit, skynsemi. (to. úr d. *forstand*: vit, skyn).

*fortelja*: segja frá. (to. úr d. *fortælle*)

*forynja*: ófreskja, draugur.

*fólkorusta*: stórorrusta. (bls. 83) fornt mál, skáldskaparmál *fólk*: her, fylking.

*Frakka mæra vengi*: Frakkland (eiginl. hið ágæta land Frakka).

*frá uppnumningu óskastundarinnar vaknar maður ...*: maður vaknar upp (til hins hversdagslega lífs) frá því að vera hafinn upp (til himins) á óskastundinni ...

*frenja*: óhemja, óstýrilát skepna.

*frenjulega*: óhemjulega.

*fríðleiksrör*: fádæma falleg.

*frýjuorð*: ögrunarorð, ásökunarorð.

*frýsa*: fnæsa, blása úr nösum (um hross).

*fræði*: (bls. 222) kristinfræði.

*fuglagras*: umfeðmingsgras.

*fullar tólf álnir á hæð*: um sex metrar á hæð.

*fullsvæsin*: (bls. 484) sá sem tekur fullsterkt til orða. *svæsin*: ákafur, ofsafenginn.

*fulltingi*: liðveisla, aðstoð.

*fúamýri*: rotin og vatnsósa (mjög blaut) mýri.

*fyrirbjóða*: banna, harðbanna.

*fyrirmunun*: óheill, ósköp.

*fyrtaf við*: móðgast.

*(ærin) fæddi*: (bls. 461) mjólkaði.

*fæla af e-u*: mikið magn af e-u, fjöldi af e-u.

*færa frá rollum*: færa lömbin frá ánum snemma vors og mjólka ærnar heima. Sjá orðið *stekkur*, 1. kafli. (Bjartur virðist hins vegar aldrei gera þetta í sögunni).

*föggur*: farangur, baggar, dót.

*fölskvaður*: kulnaður.

*gagn mitt*: innunnið fé mitt.

*gallspýttast*: blandast galli.

*gamla sagan um hinn glataða sauð*: sbr. eina af dæmisögu Krists um týnda sauðinn. (Sjá t.d. *Jóhannesarguðspjall* 10. 7.–18.).

*ganering*: brydding, legging. (úr d. *garnering*).

*ganga eftir*: rætast.

*ganga fram fyrir skjöldu*: taka af skarið, taka einart til máls um e-ð, eiga frumkvæði að e-u. (*skjöldu* er gamalt þf. ft. af *skjöldur*, (nú) skildi).

*ganga fyrir ætternisstapa*: hrökkva upp af, deyja.

*ganga inn fyrir*: (bls. 470) fermast.

*ganga í humátt á eftir e-m*: ganga hljóðlega (í nokkurri fjarlægð) á eftir e-m.

*ganga skont*: ganga greitt eða vel.

*gangmál (búpenings)*: æxlunartími, fengitími (búpenings).

*gangnakofi*: kofi sem gangnamenn (leitarmenn) gistu í þegar farið var í göngur (fjárleitir) að haustlagi.

*ganhald*: hnjáskjól, nærskjól.

*garði*: jötubálgur eða stallur eftir endilöngu fjárhúsgólfi sem hey og annað fóður handa kindum er sett á.

*garri*: (bls. 326) kaldur vindur, sveljandi.

*gaur*: (bls. 237) gróf og léleg nál.

*gárungsskapur*: stráksskapur, prakkaraskapur. *gárungi*: háðfugl; strákflón.

*gefa á*: (bls. 411) gefa hey á garðann (jötuna).

*gefa taðhest í brúðargjöf*: gefa einn hestburð af taði (sem nota mátti sem eldivið) í brúðargjöf.

*gegningar*: gefa skepnum hey og hirða um þær að vetrarlagi, sbr. *gegna fé eða skepnum*: fóðra skepnur og hirða um þær.

*geil*: aflangt skarð eða skora, sbr. *gil*.

*gemlingur*: sauðkind á fyrsta ári eða veturgömul.

*gera aðsjón í*: skoða rækilega, rannsaka.

*gera allt uppskátt*: segja frá öllu saman.

*gera e-ð í blóra við e-n*: gera e-ð þvert gegn vilja e-s.

*gera endasleppt við e-n*: hætta e-u jákvæðu skyndilega (yfirleitt með neitun).

*gera gangskör að e-u*: gera gagngerar ráðstafanir til e-s.

*gera tvíteymt úr snærinu*: láta snærið mynda tvo beislistauma (annars er riðið við einteyming).

*gera um sig*: gera vart við sig, lætur til sín taka, má skynja.

*gerjunarlykt*: (bls. 270) áfengislykt.

*gerningar*: galdrar.

*geta svarað út úr eddu*: hér er átt við Eddu Snorra Sturlusonar (1179–1241). Snorra-Edda var aðalkennslubók í skáldskaparfræðum öldum saman.

*gildur bóndi*: efnaður bóndi.

*ginnungagap*: hið mikla gap eða tóm sem ríkti samkvæmt norrænni goðfræði áður en heimurinn varð til. (bls. 196) mikið tóm.

*gímal*: vítt gap, stórt op, geimur.

*gjalda afhroð*: verða fyrir (miklu) tjóni.

*gjarðirnar purpaðar*: gjarðirnar (ólar sem spenntar eru undir kvið hestsins) slitnar sundur.

*gjálfrandi*: (bls. 74 um hunda) gjammandi.

*gliðsa*: með fætur óviðráðanlega glennta (vegna hálfu, notað um fé), um það bil að fara úr mjaðmarlið.

*glóðarkaka*: kaka sem bökuð er á hlóðum við opinn eld, á glóðum.

*glórulaus*: koldimmur. *glóra*: skíma.

*glugghús, gluggatótt*: op fyrir glugga (í þykkum torfvegg).

*glúrin*: úrræðagóður, snjall.

*glypja*: laust þrjón.

*glysmáll*: mjúkmáll, fleðulegur.

*gnaga upp af þér*: þér er farið að förlast, þér er tekið að hraka.

*gneypur*: álútur, boginn, sbr. *gnúpur, núpur*: bratt (slútandi) fjall.

*góði gállinn á e-m*: vera í góðu skapi. *gáll*: ofsakæti.

*gókna yfir e-u*: gína yfir e-u.

*graflenda*: (um hest) feitur. (bls. 334) mikil um mittið.

*granhár*: hár sem vaxa í kringum nasirnar á nautgripum (og selum).

*grábland*: mjólk blönduð með vatni.

*gráðið sat eftir*: snjófölið sat eftir (varð eftir).

*grátinn lh.þt.* af gráta: társtokkinn, harmaður, syrgður.

*gríðkona*: vinnukona (gamalt mál, Bjartur fyrrir mál sitt hér sem oftari).

*grípa niður*: bíta gras.

*gróið fólk*: efnað fólk.

*grómtekinn*: óhreinn, skítugur (oft um gömul óhreinindi).

*grónir menn*: menn í allgóðum eignum.

*gróp*: skora, rauf, far í smíðisgrip.

*grugginn*: gruggugur, óhreinn (bls. 337 um veður, himininn).

*grunda*: ígrunda, velta fyrir sér.

*græfur*: gil, lautir.

*Guðmundur ríki*: einn af helstu höfðingjum landsins á söguöld (930–1030).

*guma af e-u*: gorta af e-u.

*Gunnvör (Gunnvöru – Gunnvöru – Gunnvarar)*: Sagan af Gunnvöru er að nokkru leyti sniðin eftir þjóðsögunni um Axlar-Björn en hann bjó á bænum Öxl í Breiðuvík á Snæfellsnesi. Hann er sagður hafa myrt menn til fjár og ekið líkum þeirra í tjörn í grennd við bæinn sem nefnd er Ígultjörn. (Sjá Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, 116–120).

*gæðingur*: góður hestur.

*(drottningar)gægsni*: (niðrandi) gála, gerpi, stelpugægsni.

*gönur*: ógöngur, villigötur. *gana*: ana, flana (sbr. *gönuhlaup*).



*hafa aldrei orðið neitt uppifast*: hafa aldrei orðið neitt við hendur fast, hafa aldrei eignast neitt.

*hafa augun til beggja hliða*: gæta að möguleikum sínum, leita tækifæra.

*hafa e-n í farinu sínu*: taka e-n með sér á ferðalagi (án þess að borgað sé sérstaklega fyrir hann, oft barn væntanlega).

*hafa fljótt við*: eiga annríkt, liggja mikið á.

*hafa gáning á*: hafa sinnu á, hafa næga umhyggju til. *gáningur*: athygli, aðgæsla.

*hafa gert e-ð fyrir sér*: hafa gert e-ð rangt.

*hafa hratt á hæli*: flýta sér (mjög).

*hafa illan bifur á e-m*: vera í nöp við e-n, hafa óbeit á e-u (*bifur*: hugur; ótrú, andúð).

*hafa í flimtingum*: gera grín að e-u, hæðast að e-u. *flimtingar*: háð, spott, dylgjur.

*hafa komið sér upp*: hafa komið sér í rúmið.

*hafa lömbin tekið í hey*: eru lömbin byrjuð að éta heyið? Bjartur spyr vegna þess að á haustin þurfa lömbin að læra átið sem kallað var.

*hafa mikið í veltunni*: hafa mikið umleikis (einkum fjárhagslega).

*hafa sér ekkert til afbötunar*: hafa sér ekkert til afsökunar eða málsbóta.

*hafa sig upp á*: (um veður) þorna, vindáttin nær að verða hagstæð og þurr, gera heiðskírt veður.

*hafa stytt sig upp að hnjám*: hafa brotið upp á pilsíð svo að það nái ekki nema niður að hnjám (gert ef færð var slæm og líka í blautlendi).

*hafði skottan riðið henni hingað*: stundum var sagt um drauga að þeir hefðu menn til reiðar. *skotta*: kvenkyns draugur.

*halda sömu art*: halda sig við líkt svipmót. (to. úr d. eða þ. *art*: eðli, náttúrufar).

*hananú, þar er hann genginn upp*: þar er hann (um veður) skollinn á, það hvessir. (Nonni að leika sér).

*handlína*: klútur notaður með íslenskum þjóðbúningum kvenna.

*hann hefur borið í loftið*: það hefur þykknað upp.

*Hann heldur áfram að ganga á*: það heldur áfram að rigna (mikið).

*hann hýsti ekki sinn harm*: (bls. 164) bar sig vel þrátt fyrir andlát Rósu. Úr ljóði Einars Benediktssonar (1864–1940): *Fákar*.

*hann kemur ekki á í nótt*: það rignir ekki í nótt, hann hangir þurr í nótt.

*hann varð fár við*: fálátur, þögull og kuldalegur.

*hans líf var of dýrt kveðið*: líkingamálið er sótt í skáldskaparþrautir rímna.

*harðspori*: harðtroðinn snjór.

*harpa*: fyrsti mánuður sumars að fornu tímatali, fellur nú að miklu leyti saman við maí.

*hörpudagar*: vordagar.

*haska sér*: flýta sér.

*hárfögur, hauklegt kvendi*: hárrúð tignarleg kona. (óbeint) úr 7. vísu í Víglundar sögu (Stóðum tvau í túni).

*Hárs dýna*: jörð.

*hefta hest*: binda saman framfætur á hesti.

*heigulskapur*: kjarkleysi. *heigull*: bleyða, hugleysingi.

*heléta*: éta til bana, éta út á guð og gaddinn.

*hemja*: hafa taumhald á, hafa stjórn á, ráða við.

*hermdargjöf*: slæm gjöf, gjöf sem leiðir til tjóns. *hermd*: kvk. gremja, reiði.

*hes*: húðpoki framan á bringu nautgripa.

*hestúsa*: háma í sig, borða mikið, torga.

*hesturinn var farinn að taka niður*: hesturinn var farinn að bíta glefsu og glefsu.

*heybandstrunta*: lélegur hestur, þó nothæfur til þess að bera heyband (heybagga).

*heybrók*: heigull, raggeit, bleyða.

*heykuml*: heytótt, heystabbi.

*hélt í við alla jafnt*: sparaði matinn jafnt við alla.

*hér skortir hvorki lort né lepru*: hér skortir hvorki eitt né neitt. (*lortur*: skítur. *lepra*: þunnt skyr, þunn súpa).

*hervilla*: hjátrú, (bls. 492) bull, heimska.

*hið sligandi ok lífsins*: byrði lífsins er hér líkt við *ok* (klafa eða tengitré á dráttardýrum) sem sligar fólkið í Sumarhúsum.

*hilla uppi*: lyftast upp í hillinum.

*hindurvitni*: hjátrú, bábilja.

*hinir fyrstu sjálfrennandi vagnar*: átt er við bíla en þeir fara að verða nokkuð algengir upp úr 1920. *sjálfrennandi*: sbr. *automobile*, *auto*: sjálfur, *mobile*: hreyfanlegur.

*hismi*: (bls. 78) hjóm, fánýti.

*hjártveik*: (bls. 51) taugaóstyrk. Orðið *hjártveiki* var í upphafi 20. aldar oft notað um það sem seinna var nefnt taugaveiklun, ímyndunarveiki eða e-ð slíkt.

*hjártveiki*: (bls. 288) taugaveiklun, ímyndunarveiki.

*hjálmfagur*: með fagan litarhátt í andliti, andlitsbjartur.

*hjárænulegur*: heimóttarlegur, kynlegur, sérkennilegur.

*hjó í einu vetfangi á þann vísindalega galdrahnút ...*: Bjartur heggur á hinar vísindalegu samræður um sálin í einni andrá á sama hátt og Alexander mikli hjó á Gordíónshnútinum en því var trúað að hver sá sem leyst gæti þann hnút yrði drottari allrar Asíu.

*hjóm*: (bls. 432) fánýti, hégómi.

*hjú*: vinnufólk.

*hlaða valköstu*: (börðust) og létu menn falla í valinn í hrönnum. *valköstur*: fallnir menn á vígvelli sem liggja í haugum. *valköstu*: (bls. 83) forn beyging, þf. ft.

*hleypra upp á álnum*: byrja að sjóða álinn.

*hlunnfara e-n*: leika á e-n, pretta e-n.

*hlymjja*: glymjja.

*hlynur gerða*: mannkenning.

*hnappur*: (bls. 354) höfuð.

*hnasl*: (bls. 279) snarl.

*hnellin*: þrýstin, þybbin.

*hnífar í trafi*: hnífar sem lérefti hefur verið vafið um.

*hnígandi dagur*: dagur sem er að kvöldi kominn.

*hnoða hinn þétta leir*: hafa nurlað saman fé, hafa fé á milli handanna.

*hnoða saman bögu*: hnoða saman vísu, yrkja vísu með erfiðismunum. *baga*: vísa, staka.

*hnúskóttur*: ósléttur, með hnúskum, þ.e. ójöfnum.

*hnúta*: beinhnúta, leggjarhöfuð, allsvert bein.

*hofmannlegur*: fyrirmannlegur, valdsmannslegur, sbr. *hofmaður*: höfðingsmaður, valdamaður.

*hokur*: búhokur, lélegur búskapur.

*holdafé*: fé sem safnar óvenjumiklum holdum, alið sérstaklega til kjötframleiðslu.

*holt og bolt*: upp og ofan, af handahófi (fyrirmynd úr d. *hulter til bulter*: á rúi og stúi).

*horfa í gaupnir sér*: horfa í keltu sér, hafast ekkert að, vera aðgerðalaus.

*hólpinn*: sáluhólpinn, frelsaður. (gamall lh.þt. af so. *hjálpa* en hún var upphaflega sterk, leifar þess er *hólpinn*).

*hórbarn*: (niðrandi) barn sem fætt er utan hjónabands.

*hrakið hey*: hey sem illa hefur gengið að þurrka, heyið hefur *hrakist*, þ.e. oft hefur rignt ofan í það.

*hrapa að e-u*: fara of geyst að e-u, flana að e-u.

*hraun*: (bls. 17) stórgripabein ýlduð, reykt og soðin.

*hráki*: (bls. 78) lint og haldlaust efni.

*hrekja hels í kró*: (skáldskaparmál) hrekja í dauðann. *hel*: dauði.

*hreppsnefndarforkólfar*: forystumenn í hreppsnefnd. *forkólfur*: forystumaður, frumkvöðull.

*hreppsómagi*: sveitarlimur, þ.e. sá sem hreppurinn bar framfærslukostnað af.

*hreppstjórinn ...settist á kórbekk að vanda*: betri bændur, sem kallaðir voru, sátu í kór: innsti hluti kirkju næst altari. (to. úr lat./gr. *chorós*: söngflokkur í grískum sjónleikjum).

*hress við veg*: góður heim að sækja.

*hriflingabjörg*: það að lifa á snöpum. (bls. 365) *fara á hriflingabjörgum*: (um steininn sem Bjartur kastar) þeytast af einni klettasyllunni á aðra.

*hrina*: él, illviðrakast, hret.

*hringhenda*: vísa af ferskeytluætt sem hefur innrím.

*hrip*: rimlakassi, klyfjalaupur, eins konar kassi til þess að flytja með hey og fleira á hestum.

*hrís*: smávaxið birkikjarr, fjalldrapi. Víða notað til eldsneytis þar sem það var að fá. Rósa þarf greinilega að rífa það mest sjálf.

*hrjónóttur*: ósléttur, ójafn.

*hroka-landátt*: hvöss veðurátt sem stendur af landi ofan.

*hryðja*: mikið él (oft með stormi).

*hræða ykkur til við sig*: hræða ykkur til þess að geta dregið ykkur á talar.

*hrækja e-u upp*: koma e-u upp í skyndi (oft um óvandaðar byggingar).

*hrænaður*: (skáldskaparmál) spjót. (*hræ*: lík. *naður*: ormur, slanga)

*hrævareldur*: *hrævar*:- e-ð lélegt, af sér gengið. Af orðinu *hræ*.

*hrökkáll*: samkvæmt þjóðtrúnni er hrökkállinn óætur, enginn maður er svo djarfur að leggja sér hrökkál til munns. (sjá Þjóðs. J.Á. I, 632–633).

*hrökkva upp af standinum*: missa vitið.

*hundahreinsun*: lögbundið var að hreinsa hunda af bandormum einu sinni á ári en ein tegundanna, ígulbandormurinn, olli sullaveiki í mönnum.

*hundrað hundraða af jörðum*: verðgildi jarðeigna var reiknað í hundruðum og var eitt hundrað sama og eitt kýrverð (kúgildi). 20 – 25 hundraða jörð var talin meðaljörð.

*huppmikill*: feitur.

(*ær*)*huppur*: síðan milli mjaðmarbeins og rifja, slag.

*hún (um konur) hafði komið heldur hart niður*: fæðingin hafði gengið erfiðlega hjá henni.

*hún á ekki að verða fyrr en að vori*: hún (Ásta Sóllilja) á ekki að fermast fyrr en næsta vor.

*hún er hafin út*: hún (þ.e. Rósa) er borin út.

*hún hefði einskis karlmanns kennt*: ekki sofið hjá neinum karlmanni. (*kenna karlmanns*: hafa holdlegt samræði við karlmann).

*hún hefur ekki verið lögð á óyndisstokkinn*: hún hefur ekki búið við slæmt atlæti (heldur þvert á móti).

*Húsavíkur-Jón*: kunn þjóðsaga fjallar um Húsavíkur-Jón. Hann var hið mesta illmenni og kölski þorði ekki að hýsa hann þegar hann dó en gaf honum eldköggul og taðflögu (eða *móköggul*) svo hann gæti byrjað sjálfstæðan rekstur.

*húsmennska*: millistig milli bænda og vinnumanna. Húsmenn höfðu húsaskjól á bændabýli, oft með vinnuskyldu og áttu fáeinar skepnur.

*hvað fénu gat kopað*: hvað fénu gat farið aftur.

*hvar þið kunnið að hafa legið*: hjá hverjum þið kunnið að hafa sofið.

*hvarmaból*: svæðið umhverfis augu eða svæðið þar sem augun sjálf hvíla.

*hvarmahár*: augnhár.

*Hvenær áttu þín von*: hvenær væntir þú þín, (hvenær ert þú sett, um væntanlega fæðingu barns).

*hver geymir sinn áfangastað í sjálfs síns brjósti*: áþekk hugsun og í málshættinum *það lendir hver eins og lund var til*: það endar fyrir hverjum eins og hann hefur geð til.

*hverafugl*: fugl sem fyrir kemur í þjóðsögum en er í raun ekki til. Trú manna var sú að slíkir fuglar héldu til í hverum.

*hverfa til*: kyssa.

*hverflyndur*: sá sem skiptir fljótt skapi eða um skoðun, óstöðuglyndur.

*hvimpinn*: (um hross) fælinn, viðbrigðinn.

*hvimpnislega*: fælnislega.

*hygla fénu*: gefa fénu, hlúa sérstaklega að.

*hyrningarsteinn*: meginstoð, grundvallaratriði.

*hýrleiki*: gleði, kátína.

*hýstu aldrei þinn harm, það er best*: úr ljóðinu *Fákar* eftir Einar Benediktsson 1864–1940.

*hækill*: hælliður eða hækilliður afturfótar.

*hærra slektið hans en mitt*: hann væri af betri ætt en ég. *slekt/slekti*: ætt, fjölskylda. (to. úr d. *slægt*).

*hætta að fylgja fötum*: (um veikt fólk eða gamalt) hætta að klæða sig (og liggja í rúminu).

*höfða til e-s*: skírskota til, hafa áhrif á.

*höfgi*: þyngsli, svefndrungi.

*höfuðdagur*: 29. ágúst (aftökudagur Jóhannesar skírara). Þá þótti mönnum sem oft skipti um veður.

*höfuðsmótt, -smátt*: hálsmál.

*höln*: grýtt og hrjóstrugt landsvæði.

*hönum*: honum (gömul orðmynd, mál Hallberu er fornlegt).

*hörkl*: ískleprar á jörð.

*hörsli*: frosnar ójöfnur.

*iður*: blóðmörskpeppur (merkir einnig *innyfli* almennt).

*illa artaður*: illa innrættur, slæmur. *art*: eðli, náttúrufar, áskapaður eiginleiki.

*imbrudagur/ar*: þriggja daga föstutímabil (í kaþólskum sið).

*innan stokks og utan*: allt sem viðvíkur heimilinu, jafnt innan dyra sem utan.

*innstaða*: féð er haft á húsi, það er *hjarn* (harðfrosið snjólag) yfir öllu og ekki hægt að beita fénu.

*innvirðuleikur*: skýrleikur, nákvæmni.

*insolvent*: ógjaldfær.

*í algleymingi*: í fullum gangi.

*í álösunarrómi*: í ásökunartón. *álasa*: ásaka, átelja, ávita.

*í átján ár*: tvíheilög tala (tvisvar sinnum níu), kemur alloft fyrir í þjóðsögum. Í heiðnum sið var talan níu talin heilög.

*Í dag mér, á morgun þér*: (úr Síraksbók í Biblíunni 38, 23). Þannig í Viðeyjarbiblíunni: Hugsaðu til hans afdrifa; því að þau eru sem þín: í dag mér, á morgun þér.

*í forveginn*: á undan, fyrir fram (to. úr d. *i forvejen*).

*í fram við honum*: í áttina að honum.

*í framtíðarvordraumum barnanna sinna*: (óbeint) úr ljóði eftir Þorstein Erlingsson 1858–1914.

*Í hitteðfyrri átti hún [Finna] einnig barn fyrir hreppstjóran og prestinn*: Finna hefur misst sum börn sín og þau hafa verið borin til grafar á Útirauðsmýri þar sem hreppstjórinn býr en presturinn hefur væntanlega jarðsungið. Það er Nonni litli sem hefur orðið.

*í hím og ham*: á báðum áttum.

*í klyftir*: upp í klof.

*í miðjum klíðum*: í miðju verki eða athöfn, í miðju kafi. Líkingin er dregin af vefnaði en *klíð* er efni sem verið er að vefa.

*í mjöli*: mölbrotinn.

*í níunda lið*: helg tala í heiðnum sið, oft er tekið svo til orða í draugsögum að skæðar afturgöngur hafi fylgt ákveðinni ætt í níunda lið.

*(barn) í reifum*: reifabarn, ungbarn, barn sem hefur bleiu.

*í sínum stirða, spraka lágrómi*: veik lágvær rödd, sem vill bresta.

*í þriðja og fjórða lið*: átt er við ættliði, oft er miðað við þessa tölu þegar e-ð er talið ganga í ættir t.d. í Biblíunni.

*ígla*: blóðsuga, liðormur.

*Ígulvatn*: sbr. Ígultjörn, sem fyrir kemur í vísunni á bls. 8-9, en vísan er tekin lítið eitt breytt upp úr þjóðsögunni um Axlár-Björn.

*íhlaupið*: hret, stutt hríðarkast, hríðarveður sem skellur skyndilega á.

*íleppur*: þrjónaður laus sóli sem er lagður inn í íslenskan skó, illeppur.

*Íslandi allt*: kjörorð ungmennafélagshreyfingarinnar í upphafi 20. aldar. (Sjá t.d. *Skinfaxa* 1925, 17. árg. 1. tölublað: *Til lesendanna*.)

*jafnaðarstefna*: sósíalismi.

*jafnbrigðult*: jafnsvikult.

*jafndægur á vori*: jafnlengd dags og nætur að vorlagi, á sér stað á tímabilinu 19. til 21. mars.

*jálkur*: (lélegur) hestur, púlshestur, húðarklár.

*jódynur*: hljóð undan hófum hesta, hófadynur, hófatök. *jór*: hestur.

*jóð*: barn.

*Jómsvíkingar*: frægir fornkappar sem fjallað er um í samnefndri sögu, *Jómsvíkingasögu*. Þeir voru kenndir við Jómsborg á Vindlandi (þar sem fljótið Oder fellur til sjávar í Póllandi). (Líka í 3. kap.)

*Jón heitinn Arason*: biskup á Hólum (1484–1550). Hálshöggvinn 7. nóvember 1550. Presturinn sem veitti Jóni hina síðustu þjónustu, og Sveinn hét, vildi hughreysta biskupinn þar sem hann beið dauða síns og mælti: „Líf er eftir þetta líf.“ En Jón biskup á að hafa svarað: „Veit ég það, Sveinki.“

*jónsmessuskuna*: hret (snjócoma, kalsarigning) á Jónsmessu, 24. júní.

*jóreykur*: reykur eða rykmökkur undan hófum hesta (*jór*: hestur).

*júdasarpeningur*: blóðpeningar (peningar fengnir með því að framselja e-n í dauðann eða svíkja með öðrum hætti).

(*almættis*)*jöfur*: konungur; (bls. 445, í háði) stórmenni.

*jökulruni*: jökulrennsli. *runi*: rennsli, e-ð sem rennur.

*Jökulsá á Heiði*: skáldið býr þetta örnefni til. Ef sagan á að gerast á Norðausturlandi þá gæti þessi jökulsá átt að vera *Jökulsá á Dal* sem líka er nefnd *Jökulsá á Brú*.

*kaf*: reykjarkóf.

*kafald*: snjócoma, ofanburður.

*kafhlaup*: að vaða djúpt í e-u, á sér stað þegar hestar og menn stíga niður úr sköflum (hlaupa á kaf).

*kagbættur*: mikið bættur.

*kaggi*: lítil tunna.

*kaldavermsl*: uppspretta með stöðugu jöfnu hitastigi vetur og sumar. Oft notað í ft.

*kallaði á Ástu Sóllilju að toga í sig*: hreppstjórinn kallar á Ástu Sóllilju til þess að draga af sér blaut föt (sokka og buxur). Hlutskipti kvenna á fyrri tíð.

*kampagleiður*: glaður og hreykinn í senn, brosleitur og góður með sig í senn.

*kampur*: (bls. 40) veggendi (veggurinn er þykkur enda hlaðinn úr torfi og grjóti).

*kandís*: stórkristallaður, brúnleitur sykur.

*(óttaðist hvað út af því kynni að spinnast) kannski kálfshár og fífa*: eitthvað óþægilegt og ófyrirséð, urgur, ósætti.

*kapall*: hross, meri. *kapall af heyi*: hestburður af heyi, tveir baggar af heyi. (to. úr fornírsku).

*kara lamb*: hreinsa (sleikja) slím af nýfæddu lambi.

*kartinn*: ötull, röskur.

*kasmekktur*: með þéttum skýjum, sbr. *mekka*: mynda mökk eða kóf, þykknað upp. So. myndað af *mökkur*: (bls. 164) snjókóf. *kas*: áhersluorð.

*kasta rekunum*: við lok jarðarfara kastar presturinn rekunum sem kallað er. Hann fer með orðin: Af moldu ert þú kominn, af moldu skalt þú aftur verða og af moldu skalt þú aftur upp rísa, og lætur þjár rekur af mold falla á kistuna um leið.

*kasta skóflu frá glugga eða dyrum*: moka lítils háttar frá glugga eða dyrum.

*kákla hvor í annan*: dangla hvor í annan.

*kárína, kárínur*: (bls. 236) skammir, hrekkjabragð; þraut, refsing fyrir drýgða synd. (to. úr lat. *carēna*: fjörutíu daga fasta).

*keiprétt fokkustöng*: (líking úr skútumáli) upprétt (alveg bein) stöng sem heldur fokku (þríhyrnt toppsegl).

*kemba ekki hærurnar*: deyja ungur. *hæra*: grátt, hvítt hár, sbr. *hvítur (grár) fyrir hærum*.

*kerlingargípa*: kerlingarskass eða -skessa.

*keyra um þvert bak*: ganga úr hófi.

*keyta*: staðið hland (notað til þvotta).

*kindin var soramörkuð*: kindin var mjög ógreinilega (og illa) mörkuð.

*kindurnar voru flestar komnar úr vatni*: komnar frá því að drekka vatn, búið var að brynna þeim.

*kirkjurækin(n)*: sú eða sá sem sækir sína kirkju vel, rækir vel messusókn.

*kistuhandraði*: lítið hólf í enda á kistu (vísar oft til peningaeignar, *að eiga e-ð í handraðanum*).

*kíf*: deila; (bls. 432) mótlæti.

*kjótla*: flytja í smáum skömmtum og lítið í senn.

*kjötprís*: verð á kjöti.

*klakkur*: standur á klyfbera en á klakkana hengdu menn baggana.

*klammi*: klakasnjór, áfreði, svellstorka.

*kláfferja*: ferja (oft eins konar lítill kassi) sem dregin var á þartilgerðum strengjum yfir ár eða fljót, loftferja.

*klára*: tréverkfæri til þess að mylja húsdýraáburð á túni.

*kleggi*: heystabbi.



*klikkaður*: (bls. 278) blettóttur, útataður.

*klífa þrítugan hamarinn*: sigrast á miklum erfiðleikum. (Líkingin trúlega dregin af því þegar menn klífa bjarg sem er þrjátíu faðma hátt).

*klósigi*: blikubönd á himni sem þykja vita á úrkomu. Langar oddmjóar skýjaklær.

*klukka*: (þrjóna)undirkjöll.

*klúka*: húka, sitja tæpt.

*klúra*: hurðarloka.

*klyfjaður hestur*: hestur undir klyfjum, með reiðingi, klyfbera og bagga.

*klækilegur*: illur, sviksamlegur.

*klömbruhnaus*: hleðsluhnaus með sérstöku lagi.

*kneptra*: spara (um mat og fóður).

*knífinn*: nískur, samhaldssamur.

*knurra*: nöldra, mögla (eins konar hljóðgervingur, bls. 234 *murr* í kúnni).

*kola*: lýsislampi.

*kolluprik*: óvandaður stafur, kollótt prik.

*Kolma*: persóna í ljóði eftir *Ossían* (Maður að nafni James Macpherson (1736–1796) gaf út ljóð sem hann sagði vera þýðingar á gelískum söguljóðum eftir írsku skáldið *Ossían*, sem uppi var á þriðju öld e.Kr., en nú er almennt talið að Macpherson hafi ort ljóðin sjálfur. Ljóð „Ossíans“ höfðu gífurlega áhrif á þróun rómantísku stefnunnar).

*koluglæta*: lítið ljós frá lýsislampa.

*koma sér ásamt um*: koma sér saman um, ákveða.

*komast á réttan kjöl*: ná sér upp úr erfiðleikum eða vandræðum, ná réttri stefnu.

*komast í bók hjá Bruna*: (bls. 22) virðist merkja að eiga inneign hjá kaupmanninum eða fá að taka út vörur upp á þann kost að leggja inn fé síðar.

*komast upp í móðinn*: komast í tísku. *móður*: (to. úr d. *mode*: tíska).

*komast vel í álnir*: efnast vel, verða vel fjáreigandi.

*kominn á fremsta hlunn með e-ð*: vera að því kominn að gera e-ð. Úr sjómanna máli, bátar voru dregnir upp og settir fram á *hlunnum*: dragstokkum.

*konan hans var vel ílits og bragðleg*: konan hans leit vel út og hafði hraustlegt yfirbragð.

*konkúrensi*: samkeppni.

*korgað loft*: dimmt loft, skýjaþykkni í lofti. *korgur*: óhreinindi.

*kotungur*: fátækur smábóndi, kotkarl.

*kóf*: mikið snæfok, snædrif.

*kólfur, mýrarkólfur*: (bls. 15) gildur rótarstilkur eða rótarstöngull (í mýrinni).

*kólguveður*: dimmviðri, óveður.

*Kólumkilli*: írskur dýrlingur, munkur og trúboði sem uppi var á sjöttu öld (d. 597). Hans er getið í Landnámu og fleiri íslenskum heimildum.

*krakkildi*: orðið virðist notað á bls. 118 í m. *kjarr* en merkir í raun sundrung, deila.

*kreddulaus maður*: hjátrúarlaus maður. *kredda*: bábilja, hjátrú. (komið úr lat. *credo*: ég trúi).

*kriki*: (bls. 78) lærkriki, nári.

*kringum málin*: á matmálstímum. *mál* (bls. 289) máltíð.

*Kristján níundi*: konungur Íslands og Danmerkur (1863–1906).

*krjá eftir*: leita eftir, sækjast eftir.

*kröf*: kroppur af sláturdýri, kindarbógur.

*kroka*: (bls. 224) híma.

*kroka*: (um ljós) tíra.

*krossmessuvindur no.*: krossmessa á vor (vori) er 3. maí. Eftir „nýja stíl“ 14. maí.

*krotuð*: útskorin, (um málm) sem grafið er í.

*krubbaður*: hólfður.

*krúði(e)ri*: (bls. 148) krydd; (yfirleitt nú) bakkelsi, einkum smákökur. (to. úr d. *krydderi*).

*krussfiner*: krossviður. (d. *krydsfiner*).

*krúna*: enni dýra.

*kuml*: (bls. 146) heystæði, heytóft. *tóft*: hlaðnir moldar- og grjótveggir án þaks þar sem hey var geymt. *tóftin* stóð yfirleitt við enda fjárhúss.

*kunna lagið á henni grunnu fleðu*: kunna lagið á hlutunum, kunna að smjaðra og hræsna. (*grunna fleða*: grunn skál eða ílát).

*kunnugum [er] best að bjóða*: (mh.) best er að segja eitthvað þeim sem þekkir til (aðrir skilja það ekki).

*kuskugur*: rykugur, sbr. *kusk*: fis, ryk, dust.

*kuti*: lítill hnífur, sbr. e. *cut*.

*kvartil*: lítil tunna, stampur, kútur.

*kveistinn*: kvartsamur, meinsamur.

*kvellisjúk*: heilsuveil, sem hætt er við að veikjast.

*kvenfólkið yrði ekki ljásjúkt*: kvenfólkið yrði ekki gramt yfir því hve mikil *ljá* (nýslegið gras) væri órökuð í flekki.

*kverið*: bók sem börn voru látin læra fyrir ferminguna.

*kvikindið*: (bls. 133) tíkin. (sbr. *kvikur*: lifandi. Ekki alltaf neikvætt orð).

*kvisast um e-n*: heyrast orðrómur um e-n.

*kvígildi*: kúgildi, jafnt kú eða sex ám, loðnum og lembdum, að verðmæti.

*kvæðið um skipið sem kúrir ...*: úr *Vísum* Fiðlu-Bjarnar sem hann heyrði kveðnar í kletti (frá 16. öld).

*kyljugaddur*: svalur vindur með frosti.

*Kyndilmessa*: 2. febrúar (Hreinsunarhátíð Maríu).

*kyssa ráðskonurassinn*: þegar þráður var dreginn með munninum í gegnum nálaraugað var þetta orðalag notað.

*kæsir*: hleypir, þ.e. hvati til þess að hleypa mjólkurafurðir, t.d. ost og skyr.

*lagðprútt fé*: fé með fallega ull. *lagður*: ullarlagður.

*lagklaufir*: hyrnishetta (klauf) aftan á fæti jörturdýrs, ofan við aðalklaufirnar.

*laki*: sérstakt meltingarhólf í jörturdýrum.

*lampabeli*: olíugeymir á lampa.

*landgæði með afbrigðum*: afar gott land til búsetu, frjósamt land.

*landnorður*: norðausturátt.

*langafasta*: fasta sem stendur í sjö vikur fyrir páska. Hefst á öskudag.

*langi frjádagur*: föstudagurinn langi.

*laugast í dögginni*: samkvæmt gamalli þjóðtrú var hægt að óska sér ef menn böðuðu sig naktir upp úr dögginni á jónsmessunótt.

*lausriðandi*: ekki með trússahesta, hesta undir farangri.

*laxerast*: fá niðurgang, skitu, af *laxera*: taka inn hægðalyf. Hundarnir fengu niðurgangslýf, þeir voru látnir laxera.

*lágfóta*: refur.

*láta engan bilbug á sér finna*: gefa ekkert eftir, sýna engin veikleikamerki.

*láta yfir drifast*: láta skeika að sköpuðu.

*legði jafnvel ekki inn fyrir rentum hjá konunni*: svæfi jafnvel ekki hjá konunni eins og honum bæri skylda til.

*leggja árar í bát*: hætta viðleitni sinni eða baráttu, gefast upp.

*leggja e-n til*: leggja lík til (fyrir kistulagningu), veita nábjargir.

*leggja e-ð fyrir óðal*: farga e-u, hætta að nota e-ð.

*leggja kollhúfur*: (um skepnur, einkum hesta) leggja eyrun aftur, setja upp ólundarsvip.

*legill*: kútur, lítið tunnulaga ílát.

*leiða í gönur*: lenda í ógöngum, villigötum.

*leir*: (bls. 315) matarílát úr leir, bollar og diskar.

*leirburður*: lélegur skáldskapur, sbr. goðsöguna um skáldamjöðinn sem Óðinn rændi og flutti heim í Ásgarð í arnarham.

*leirskáld*: lélegt skáld. (komið í kap. 20) (Sjá söguna um *skáldamjöðinn* í Snorra-Eddu).

*leita dyrum og dyngjum*: leita alls staðar.

*leita liðsinnis*: biðja um hjálp eða liðveislu.

*lengja daginn*: birtutíminn vex þegar líður frá jólum og nætur styttest og daginn tekur að lengja, allt fram að jafndægnum á vori (um 20. mars) en úr því verður dagurinn lengri en nóttin.

*lerkaður*: þreyttur, aumur og stirður af áreynslu, úþvældur.

*lesa blóm*: tína blóm. *lesa*: (bls. 418) tína, safna saman.

*lesa sig upp*: (bls. 123) læsa sig eftir, klifra eftir.

*lestagangur*: hestar á hægri ferð undir klyfjum (þ.e. þegar þeir báru byrðar) fóru svokallaðan lestagang. Ferð í eða úr kaupstað var t.d. talin vera svo og svo margra stunda lestagangur.

*leysa af e-m tunguhaftið*: leyfa e-m að taka til máls, opna sig.

*lémagna*: örmagna, magnþrota.

*léttu á sér*: (bls. 55) kasta af sér vatni.

*liðleskja*: duglaus maður.

*liggja á börunum*: liggja á líkbörum, vera nýdáinn.

*liggja við kör*: vera að því kominn að leggjast í kör. *kör*: ellihrumleiki sem veldur því að fólk hættir að geta haft fótavist.

*linja*: linka, lasleiki, slen.

*linna leira lofn*: kvenkenning.

*linnulaus*: óslitinn.

*litli skattur*: morgunverður (oft borðaður um klukkan níu).

*líða önn fyrir*: hafa áhyggjur af, hafa raun af.

*líða*: (bls. 607) þola, þjást.

*líf*: kviður, magi, mitti, (bls. 275) sköp konu.

*líkhár*: líkamshár, hörundshár (t.d. á baki og fót- og handleggjum).

*líkmenn*: þeir sem bera líkkistu við jarðarför.

*líkn*: blessun.

*línóleum*: sérstakt gólfdukksefni.

*lítlisháttar innantökur*: minni háttar magaverkir (og niðurgangur).

*ljá*: nýslegið gras.

*ljámús*: lítill jarðvegsflipi sem ljárinn sker stundum við slátt.

*ljónalogi*: bláleitur logi sem kemur fyrst þegar eldur er vakinn.

*ljósaspjör*: birta, ljósgeislar. (*spjör*: spjót).

*ljósið krokti*: ljósið logaði veikt. *kroka*: tíra (um ljós). (bls. 22)

*Ljóss í heimi*: heimur ljóssins er væntanlega himnaríki. *Ljós* hefur táknrænt gildi í mörgum trúarbrögðum og þar á meðal í kristni. *Ljósið* er tákn hins jákvæða og *ljós heimsins* vísar til Krists t.d. í Jóhannesarguðspjalli. „Ég er ljós í heiminn komið svo að enginn, sem á mig trúir, sé áfram í myrkri.“ (12, 46).

*loðin um lófana*: efnuð, rík.

*loðnar og lemdar* (um ær): ærnar eru með reyfi og munu bera á sauðburði, þ.e. þær eru með ull og lambi.

*loftskör*: pallskör (baðstofupalls), stigaopsbrún.

*loftslá*: pallskör, (bls. 396) baðstofuloft.

*loftslúka*: hleri fyrir stigagati eða stigagatið sjálft, lúga.

*lokarspænar*: hefilsþænar (*lokar*: hefill).

*lostin óttanum*: slegin óttanum (af *ljósta* – *laust* – *lustum* – *lostinn*: slá).

*lóðarí*: eðlunarástand (á tíkum).

*lulla*: fara á hægagangi á hesti.

*lundabaggi*: eins konar pylsa úr lundum kinda og ristlum.

*lunka*: dekstra, fá eða gera með lempni.

*lús*: (bls. 75) um lítið af e-u.

*lúsast*: fara hægt.

*lúsvakur*: skeiðgengur, þýðgengur. *lús*: áhersluorð, sbr. *lúsiðinn*, *lúshægt*.

*lydda*: mannleysa, hugleysingi.

*lyklasmhenda*, *tástöguð gagra ljóð hringhend* og *áttmælingur*: allt afbrigði af dýrt kveðnum vísum, flóknir rímnahættir.

*lýja*: (bls. 330) heystrá, heytugga.

*lætur þú moka ofan af*: þegar fé var beitt að vetrarlagi þurfti stundum að moka snjónum ofan af þeim gróðri sem féð gat bitið.

*lögð á börur*: (bls. 396) lögð á líkbörur.

*lökustu útskryppin*: (niðrandi, bls. 322) lélegustu lömbin.

*lömbin hafa étist úr*: ekki komist að jötunni vegna annarra lamba eða kinda.

*lön*: löng heysáta, heysæti.

*löngu áður en vetrardagurinn kipur hvarmana í fyrstu atrennu*: löngu áður en fyrsta skíma dagsins lætur á sér kræla (vetrardagurinn er í gervi manns eins og í upphafi kaflans).

*Magnús heitinn Magnússon í Magnússkógum (1763–1840)*: Magnús var í hópi allra afkastamestu rímnaskálda. Eftir hann eru t.d. *Rímur af Bernótusi Borneyjarkappa* sem oft er vitnað til í sögunni. Magnús var í raun Jónsson.

*Magnúsarmessa*: 16. apríl.

*makki*: hestháls (ofanverður). *makkasiginn*: álútur, hengir haus.

*Malediktus*: bölvauður. (úr lat. *male*: illa. *dicere*: segja)

*malir*: spjaldhryggur, hálend á klaufdýrum.

*malur*: nestispoki, lítill poki borinn um öxl.

*mamma varð að standa á veik*: mamma varð að halda áfram að vinna þótt hún væri veik.

*mammonshyggja*: peningahyggja, auðhyggja. *mammon*: guð peninga og auðhyggju. Eiginnafn á sýrlenskum guði sem kemur fyrir í Nýja testamentinu. Persónugervingur auðsöfnunar.

*mannherfa*: forljótur maður, mannhrak.

*mansöngur*: á undan hverri rímu fór svokallaður *mansöngur*, þar sem skáldið orti yfirleitt ástavisur til konu. (sbr. *man*: ung kona). Í rímunum sjálfum var söguefnið svo rakið.

*marauður*: alauður, alveg auður, snjó- og íslaus.

*marra í miðju kafi*: (staðbundið) *mara* í miðju kafi: fljóta (nokkuð) undir vatnsborðinu.

*með aðfalli*: þ.e. á flóði. (Samkvæmt gamalli hjátrú skipti máli hvort eitt og annað var gert á flóði eða fjöru).

*með ljá eins og dauðinn*: algengt líking í bókmenntum og myndlist að tala um dauðann eða tákna hann sem manninn með ljáinn. Sbr. t.d. þessar ljóðlínur eftir Hallgrím Pétursson (1614–1674):  
Dauðinn má svo með sanni/samlíkjast þykir mér/slyngum þeim sláttumanni/er slær allt hvað fyrir er.

*með ... næstum rósaverki*: nánast með skrautskrift.

*með setningi*: af alvörupunga.

*með þjósti*: með nokkurri þykkju, reiðilega. *þjóstur*: höstugleiki.

*meðan hún bíður sín*: meðan hún bíður eftir því að verða léttari, að ala barnið.

*meðan öndin þöktir í vitunum á mér*: meðan ég dreg andann.

*megun*: afkoma, staða.

*meis*: eins konar rimlakassi fyrir hey, heylaupur.

*menjarein*: kvenkenning, (bls. 127) drottningin.

*mél*: munnjárn á beisli. *járnmélaglamur*: glamur í beislisméli.

*mér* (mig) *óar*: mér hrýs hugur við, mér finnst skelfilegt, mér ógnar.

*miðgóa*: tíminn um mánaðamótin febrúar-mars.

*miðjungs mjöðurinn*: skáldamjöðurinn. *miðjungur*: (bls. 574) Óðinsheiti, jötunheiti (sbr. t.d. Suttungs mjöður).

*miður aftann*: kl. 18:00.

*miðþorri*: miður fjórði mánuður vetrar. Fyrsti dagur *þorra* er 19.–25. janúar.

*mildingur*: konungur.

*milliskrift*: millifærsla í verslunarreikninum, (bls. 153) úr reikningi Bjarts yfir í reikning prestsins.

*mimra*: (um skepnur) vera á iði, lyfta fótum á víxl, (bls. 460 sennilega) jarma, kumra.

*misdygg hjú*: misjafnlega góð (trú) hjú, þ.e. vinnufólk.

*mitt barn kemur ekki fyrr en á þorra*: mitt barn fæðist ekki fyrr en á *þorra* (þorrinn er fjórði mánuður vetrar og hefst alltaf á föstudegi á tímabili 19–26. jan.) (Komið fyrr – bls. 1 og víðar)

*mjúklæta sig*: auðmýkja sig, vægja, gefa eftir.

*mjög ábærilegt*: mjög áberandi.

*moldarágangar*: éljagangur. *mold*: (bls. 175) þétt snjóél, þykkt kafald.

*morgunmál*: fyrri heygjöf dagsins handa skepnum á húsi.

*móðuharðindin*: harðindi sem komu í kjölfar Skaftárelda 1783. Kennd við móðu eða öskumistur sem lagðist yfir mestallt landið.

*móska*: mistur, móða, ryk, skýjablika.

*mubbla*: húsgagn (to. úr d./lat. *mobile*, eiginl. húsgagn sem færa má til).

*mugga*: snjócoma í logni.

*muna eftir honum þórarinum mínum*: staðbundin beyging nafnsins.

*munaðarvörur*: glysvarningur, óhófsvörur, óþarfavörur. *munaður*: sællífi, óhóf.

*munnhörpur*: munnherkjur (kuldadrættir kringum munninn).

*múll*: eins konar beisli úr kaðli eða reipi (en án munnjárns).

*múruð innan maskína*: eldavél sem er þannig gerð að eldhólfín í henni eru innmúruð með eldföstum steini.

*mylgra e-u í e-n*: útbýta í smáskömmtum.

*mylgringur*: smágert snjófjúk.

*mýldu hana með snæri*: settu á hana snærismúl.

*mýll*: ull sem kind etur og getur orðið að banvænum köggli í innyflum hennar.

*mýra(r)ljós*: hrævareldur, villiljós. *hrævar*:- e-ð lélegt, af sér gengið. Af orðinu *hræ*.

*mýrisspýta*: hrossagaukur.

*mæniás*: tré sem gengur eftir húsmæninum endilöngum.

*mörk*: hálfpottur.

*nankin*: bómullarefni, einkum notað í vinnuföt.

*nasastofa*: nef.

*nauðleita(r)maður*: (bls. 151) maður sem leitar hjálpar í nauðum; venslamaður, skyldmenni.

*nábítur*: sviði í brjósthölinu sem sprettur af því að magasýra leitar upp.

*nánös*: nískupúki, nirfill.

*neglingur*: mjög fast prjón.

*negúsera*: sóa, sólunda.

*Nei, þér stingið mér nú ekki í vettlinginn yðar núna*: nei, þér eigið ekki alls kostar við mig núna, þér snúið ekki á mig í þetta sinn.

*neind*: neitun, neikvæði; (bls. 194) meðvitundarleysi.

*neitaði folinn vendingu*: folinn neitaði að snúa við.

*niðursetningur*: hreppsómagi.

*níuviknafasta*: fasta sem stendur níu vikur fyrir páska.

*Njóla*: heimspekilegt fræðslukvæði eftir Björn Gunnlaugsson stærðfræðing og kennara (1788–1876).

*njörva*: binda rækilega, reyra rammlega.

*njörvaður*: bundinn.

*nón*: (eyktamark) klukkan 15:00.

*nóran mín*: gæluyrði við börn.

*nótintáta*: glysgjörn kona eða stúlka.

*nudda fram af sér*: nudda höfðinu við e-ð og þannig strjúka fram af sér beislinu.

*Nú er rekkjuvoðin nóg, nú er Ranka dauð*: þegar ekkjumaður nokkur hagræddi sér einum í hvílunni eftir lát konunnar á hann að hafa tekið svo kaldhæðnislega til orða.

*nú fer hann bráðum að berja í sig lin*: veðrið fer bráðum að lagast, það mun draga úr hörkunni.

*nú færðist skörin upp í bekkinn*: nú keyrði úr hófi, nú kom e-ð úr óvæntri átt.

*nú gat hann komið á*: nú gat byrjað að rigna, skella yfir (pfn. *hann* er oft haft um veðrið eða þann sem því stýrir).

*nú þykir mér stungin tólg*: nú þykir mér nóg komið, nú gengur fram af mér.



*nútíma afmorsskáld*: nútímaástaskáld, sbr. *Amor*: ástarguð hjá Rómverjum. Bjartur á hér sennilega við skáld sem kennd hafa verið við nýrómantík.

*nykur*: samkvæmt þjóðtrúinni er nykurinn dularfull grá skepna sem er að öllu leyti eins og hestur nema hvað hófarnir snúa öfugt.

*nýbýlastefna*: landbúnaðarstefna sem fólst í því að fjölga nýbýlum. Oft voru þá stærri jarðir hlutaðar sundur í smærri býli.

*nýelding*: nýmeti. *nýeldingar*: súpa af nýju kjöti.

*nýkveiktur máni*: nýtt, stækkandi tungl.

*nætur gagn*: koppur.

*ofan á berum mómum*: mórinn var notaður til eldsneytis og glóð hans notuð til þess að steikja við.

*ofanrigningur*: ánamaðkur (sem menn héldu að rigndi úr lofti).

*offra*: fórna.

*Og fyrir gat komið að færi upp á mann undan manni og manni framan úr sveit*: (þjóðtrú) Því var trúað að draugar ættu það til að fylgja ákveðnum mönnum og jafnvel ættum, oft í marga liði. Þegar slíkir menn voru á ferðum gat fólk skynjað komu þeirra talsvert áður en þá bar að garði. Það gerðist þannig að draugurinn gerði vart við sig, fór upp á þá – einkum í svefni. Fólk dreymdi þá illa eða eitthvað slíkt henti það.

*oki*: (bls. 224) lóðrétt hornspýta í meis eða laup.

*orðgnótt*: orðafjöldi, gnægð orða.

*orfhæll*: handfang á orfi, yfirleitt tvö, efri og neðri hæll.

*orfstautur*: lítið orf.

*Ó þúra oftími*: kaflaheitið er vísun í sálm Hallberu en í kafla 26 fer hún með latínuskotinn sálm. Orðin gætu verið ávarp til Maríu guðsmóður: ó þú hreina besta. (Afbökuð latína: *o pura optima*).

*ó, fögur er vor fósturjörð*: úr ættjarðarljóði eftir Jón Thoroddsen (1818–1868).

*óár*: hallæri, slæmt árferði.

*óðalsbóndi*: (bls. 58 háðslegt) bóndi sem býr á eignarjörð. *óðal*: jarðeign sem gengur í arf (einkum til elsta sonar), sbr. ættaróðal.

*(að) ófyrirsynju*: að ástæðulausu, án tilefnis.

*óeir(n)*: sú eða sá sem engu hlífir, sbr. *eira*: hlífa; una.

*óheimlega*: óhugnanlega.

*óheimlegur*: annarlegur, ekki þessa heims, óhugnanlegur.

*óhlutdeilinn*: sá sem ekki skiptir sér af annarra hag eða treður öðrum um tær.

*ókyrrleiki*: (bls. 583) draugagangur, reimleikar.

*Ókyst á ég liðinn ennþá*: ég á enn eftir að kyssa þann sem (*liðinn*) dáinn er.

*ómagaframfærsla*: framfærsluskylda ungra barna á hendi sveitarinnar, þ.e. hreppsins.

*ómegð*: barnafjöldi á ungum aldri, framfærslualdri.

*ómegin*: óvit, yfirið.

*ónn*: ofn.

*óprúttni*: (bls. 295) framhleyptni, tillitsleysi.

*ósglar*: lampaglar sem getur dökkað af reyk þegar *lampinn ósar*.

*óskirlífi*: kynlíf utan hjónabands, óhreinlífi, saurlífi.

*óspilun*: eyðslusemi, sóun fjármuna. *óspilunarfyrirtæki*: fyrirtæki sem sóa fé.

*óterlegasta sjón*: andstyggilegasta sjón.

*ótótsær*: ær sem þrífast illa.

*óttu*: klukkan 03:00 að nóttu. *Það var að aflíðandi óttu*: þegar langt er liðið á óttu, kannski um 5 til 6 að morgni. Bændur hófu slátt jafnan snemma því þá þótti gott að slá og nýta sér rekjuna, þ.e. dögginna eða áfallið eftir nóttina.

*óvegtamur*: sá sem fer ekki troðnar slóðir (úr eddukvæðum).

*paldra/paldri*: smáhjalli eða þrep í brekku.

*pallur*: (bls. 369) baðstofupallur.

*panell*: viðarþil af sérstakri gerð.

*panþerdýr*: hlébarði.

*pardómur*: gagn, ávinningur.

*parraka*: halda e-m innkróuðum.

*paufi*: lítill poki.

*páfadómur*: það tímabil sem Íslendingar voru kaþólskrar trúar, þ.e. 1000–1550. Páfinn í Róm var þá æðsti maður kirkjunnar.

*páfavilla*: niðrandi orð um tímaskeið kaþólskrar kirkju hér á landi.

*Pálsmessa*: 25. janúar.

*peningur*: (bls. 204) búpeningur, skepnurnar eða gripirnir sem Bjartur á.

*penþía* (pempía): tildursdrós, þjattrófa.

*per nostra krimíná*: vegna glæpa vorra (úr sálmi Hallberu – bjöguð latína eins og fleira í þeim sálmi).

*persar*: landið, sem nú heitir Íran, hét áður Persía og íbúarnir voru nefndir Persar. Zarábústra hét spámaður sem uppi var um 600 f.Kr. Trúarbrögð, sem við hann eru kennd, einkennast af tvíhyggju. Tvö öfl, annað gott en hitt illt, berjast um völdin.

*pestin*: bráðapest, bráður sjúkdómur í ungu sauðfé, oftast banvænn.

*píra e-u í e-n*: deila e-u í e-n í smáskömmtum.

*píra rauðu*: láta gull af hendi, sbr. *rauðagull*.

*þjónkur*: farangur, ferðadót.

*plögg*: sokkaplögg, sokkar.

*pokataddi*: pokaskjatti, lítill poki.

*pota*: þrjóna hægt.

*pranga e-ð inn á e-n*: blekkja e-n til þess að kaupa e-ð. *pranga*: stunda gróðabrall.

*prestaspaði*: hvítur spaði á lausakraga sem prestar nota í stað *pípukraga*: kragi sem prestur ber við hempu.

*pukurslegur*: laumulegur. *pukur*: hvísl, leynibrugg. Uppruni ekki ljós.

*púlismaður á mölinni*: (niðrandi) erfiðismaður (daglaunamaður) í þéttbýli.

*pússunartollur*: óhátíðlegt orð um *hjónavíglugjaldið* sem prestinum er borgað.

*pysja*: (bls. 263) mór sem er laus í sér og lélegur.

*ragast í*: þrasa um, þrefa um. (to. úr d. *rage*).

*ragú*: pottréttur úr niðurskornu kjöt o.fl., kássa (úr fr. *ragoûts*).

*rakki*: hundur.

*rammvíxlaður*: (um hross) hestur sem ruglar illa saman gangtegundum.

*randa meiður*: karlmaður (kenning).

*rannur*: hús, heimili.

*rauðablástursflög*: flög með mýrarrauða (en hann var fyrrum notaður til járnvinnslu).

*rauðir páskar*: snjólausir páskar.

*ráðast í hamsleysi*: ráðast á e-ð stjórnlaust, án þess að hemja sig.

*ráðsturlun*: vitfíring.

*rásgjarnt fé*: fé sem rásar mikið, fer af einum stað á annan.

*reflagná*: kvenkenning (*refill*: dúkur en *gná* var ásynja).

*regnbogahimna*: hin litbæra himna sem umlykur sjáaldur augans.

*reiðingstorf*: vel þurrkað og seigt torf sem hægt var að nota sem undirlag undir klyfbera þegar reitt var á áburðarhestum.

*reifabarn*: barn í reifum, ungbarn. Ungbörn voru áður fyrr vafin í *reifar*, þ.e. dúklengjur eða linda.

*reipadræsur*: langur hali af lélegum reipum. *reipi*: fléttuð taug, t.d. úr hrosshári, notuð meðal annars í heyskap til þess að binda baggana með.

*reisa makkann*: (um hesta) reisa upp hálsinn (merki þess að hesturinn sé um það bil að fælast).

*reisa sér hurðarás um öxl*: ráðast í e-ð sem maður ræður ekki við, ætla sér um of, færast of mikið í fang.

*rekald*: hlutur eða e-ð sem er á reki, hefur rekið.

*rekan*: skóflan.

*rekkur (rekki)*: diska- eða bollarekkur, hilla með grindum til þess að geyma búsáhöld.

*rennskæður/renniskæður*: rásgjarn, strokgjarn.

*reyfaramaður*: (bls. 423 sennilega) dugnaðarmaður.

*reyfari*: (bls. 599) ræningi.

*reyfi*: ull af einni sauðkind, rúin (tekin af) í heilu lagi.

*réttuð*: (bls. 10) tekin af lífi. *réttu*: (bls. 10) sakfella, fullnægja dauðdómi.

*rifnía*: götótt flík.

*rimi*: landræma, lágur ás.

*ristill*: neðsti hluti meltingarvegarins.

*ríða berbakt*: ríða hnakklaust.

*ríða ekki feitum hesti frá e-u*: komast ekki vel frá e-u.

*ríða röftum*: ríða húsum (oft sagt um drauga). *raftur*: staur (t.d. í húspekjum).

*ríða skæting*: ríða allhratt, ríða greitt.

*ríll*: smáblettur, drafna.

*Rínar logar*: gull.

*rjúkandi þóf*: heit ull sem verið er að þæfa.

*roðhundur*: hundræfill, auli (skammaryrði um mann).

*rosakafli*: (um veður) tímabil með stöðugum rigningum (og vindum).

*róa fram í gráðið*: (sitja) og hreyfa efri hluta líkamans fram og aftur.

*rórent*: (finnst ekki í orðabókum, bls. 606 sennil.) huggun.

*Rósa í Niðurkotinu hafði sex um tvítugt þegar hún giftist*: Rósa... var 26 ára þegar...

*rósamál*: í hálfkveðnum vísum. *tala undir rós*: tala með því að gefa í skyn en segja hlutina ekki berum orðum. (úr lat. *sub rosa*: undir rós).

*rósta/róstur*: óspektir, óeirðir (einkum í ft.)

*rót*: (bls. 354) súðarþak innanvert, rjáfur.

*rulla*: munntóbak, uppvafin munntóbakslengja.

*rumbuveður*: rigningatið.

*rustéra*: gera til, taka innnyfli úr, slægja. (to. ef til vill úr lágþýsku).

*rustéraðir andakroppar*: endur sem búið er að taka innan úr.

*rúmhelgur*: virkur dagur, andstætt við *helga daga*.

*rúmmari*: rúmstuðull, rúmstólpi.

*rytja*: léleg og mögur skepna.

*rýja*: klútur, tuska.

*ræfilauð jörð*: snjólaus jörð á köflum (á börðum og jarðvegshryggjum).

*rödd úrhelsisbaráttunnar sjálfrar*: rödd frelsisbaráttunnar sjálfrar, þ.e. röddin sem losar þau úr *helsinu*, þ.e. fjötrunum.

*rögn*: goð (bls. 128 ef. ft. *ragna*).

*saffír*: blátt afbrigði gimsteinsins kórunds.

*safnhús og safnþrær*: hús og gryfjur fyrir húsdýraúrgang.

*saltkeila*: söltuð keila. *keila*: fisktegund af þorskaætt.

*saltvíkurtýra*: sólheimatíra, lélegt ljós. Nafnið á rót sína að rekja til þjóðsögu þar sem segir frá konu í Saltvík í Þingeyjarsýslu sem kvartaði yfir því að sig skorti ljósmat. Henni var ráðlagt að taka mannsístru því að hún hefði reynst vel til ljósa. Konan gerði eins og fyrir hana var lagt og mun enn loga á ístrunni en afar dauft og því er það ljós, sem illa logar, nefnt *Saltvíkurtíra*.

*salún (sábreiða)*: mislitt ívaf í vef, erlent dúkefni. (úr fr. eiginl. efni frá Châlons, borg í Frakklandi).

*sama artin*: (bls. 333) sama háttarlag, eðlisfar (um veðrið).

*sama so.*: sæma, hæfa, vera við hæfi.

*sambreyskingur*: magurt og feitt kjöt saman.

*samlíðan*: samlíðun, meðaumkun, meðlíðun.

*samvirkt þjóðfélag*: sósíalískt samfélag þar sem „enginn getur grætt á annarra manna vinnu.“

*sandbrinki*: lítill og lágur sandhóll. (To. úr d. *brink*: brekka, hólbrún)

*sat drúpanda höfði*: sat álút, sat og laut höfði. (drúpanda lh.nt.í hvk. Bls. 113 er beyging að fornum hætti).

*sat mjög yfir kosti e-s*: ráðskast með hlut e-s.

*sauðarfall*: skrokkur af kind.

*sauðarvala*: beinvala úr sauðkind notuð sem leikfang.

*sauðljóst*: (um dagsbirtu) nægilega bjart til þess að finna fé og smala því saman.

*saumakonufingur*: fingur vel lagaðir til saumaskapar.

*sálarskota*: sálarskita. *skota*: niðurgangur. (bls. 586 eiginl.) sálarþrugl, sálarkjaftæði.

*sáluhlið*: hlið á kirkjugarði, einkum það hlið sem er beint á móti kirkjudyrum.

*sámyrði*: ljót orð, lastyrði; sbr. *sámleitur*: dökkleitur og hundsnafnið *Sámur*.

*seggur*: maður.

*segja sig til sveitar*: geta ekki framfleytt sér sjálfur og verða að leita á náðir sveitarinnar, þ.e. opinberra aðila – bls. 108; hreppsfélagsins.

*seiðhjallur*: einhvers konar upphækkun eða pallur til þess að stunda galdra á; orðið er þekkt í fornu máli.

*seimdráttur*: sbr. *að draga seiminn*: tala eða syngja með langdregnum framburði.

*Seint er um langan veg tíðinda að spyrja*: fréttir berast seint af því sem í fjarlægð gerist. (mh. úr Snorra-Eddu).

*selflutningar*: flytja lítið eitt í senn en fara margar ferðir.

*sem aldrei gekk verk hendi firr*: henni slapp aldrei verk úr hendi. *hendi firr*: eiginl. fjær hendi.

*sem hún brá þvíru í*: sem hún setti sleif í (eiginl. sem hún kom nálægt matarkyns).

*sem nokkur miðmundi var að*: sem nokkur töggur var í, sem njóta e-s álits.

*sementsæki*: sementsvagnhlass.

*sems*: hangs, droll, seinlæti.

*settist síðan tvívega um klakkinn*: Rósa sest klofvega á hestinn sem er undir klyfjum og ríður þannig til baka til Bjarts. (Konur sátu hesta oftast söðulvega, höfðum báða fætur vinstra megin á hestinum, líka nefnt einvega, kvenvega).

*sérsinna*: sérlundaður, sérvitur.

*sifjalið*: ættmenni, skyldmenni, *sifjar*: ættartengsl, skyldleiki.

*sinni*: hugur, geð.

*sitja aldrei á sátts höfði*: eiga ævinlega í illdeilum. (uppruni og líking er óljós).

*sitja eins og aða í leiru*: sitja (fastur) eins og skel (öðuskel) í eðjukenndri fjöru.

*sitja í körinni*: sitja og hafast ekkert að sökum elli.

*sitja upp við dogg*: sitja hálfuppréttur.

*sitt hálfpundið af hvoru*: af hvoru, þ.e. kaffi og sykri.

*síðan hann var í dulum*: síðan hann var reifabarn (*reifar*: dúkræma til að sveipa um ungbörn).

*síðslægja*: hey sem slegið hefur verið að haustlagi.

*síngirnismaður*: eigingjarn maður, eiginhagsmunaseggur. *síngirni*: sérdrægni.

*sínkur*: nískur, aðsjáll. (merkir eiginl.: síngjarn).

*sítla*: seytla, vætla.

*sjafni*: unnusti, elskhugi.

*sjaldula*: ómerkilegt sjal.

*sjá búrlykilinn*: hafa lykjavöldin að búrinu. Skáldkonan á Útirauðsmýri passar sjálf upp á búrlykilinn.

*Sjá hin ungborna tíð ...*: úr kvæðinu *Íslandsljóð* eftir Einar Benediktsson (1864–1940).

*sjá minna grand í mat sínum*: það sést þótt minna væri (*grand* merkir á bls. 337 mein eða tjón, líkingin í orðtakinu er dregin af aðskotahlut sem skemmt hefur mat).

*sjá neitt kvikt*: sjá neitt lifandi.

*sjá sér ekki annað sýnna*: sjá ekki betri kost, sjá ekki aðra betri leið.

*sjálfrenningar*: bifreiðar.

*sjávarenni*: brött sjávarströnd, múli.

*skammkalinn*: illa kalinn. *e-n skammkelur* óp.so.: e-n kelur illa.

*skar*: (um gamalt fólk) lasburða sökum elli.

*skarlatssunna*: kvenkenning.

*skarns ígildi*: jafngildi skíts, einskis virði.

*skarsúð*: timburklæðning t.d. í lofti baðstofu þar sem eitt borð hylur annað að hluta til, borðin skarast.

*skattyrðast*: rífast, skammast.

*skauð*: (neikvætt) vesalingur, maður sem er lítill fyrir sér.

*skáldaður*: með húð- eða hárlausum blettum.

*skálslega*: stríðnislega.

*skálm*: stutt sax eða sverð.

*skánarflaga*: taðflaga (þurrkað sauðatað til eldunar).

*skeið*: hlaup, ein gangtegund íslenska hestsins, (bls. 151) um ferðalag prestsins um stofuna.

*skelkur*: ótti, skelfing.

*skera hrúta*: hrjóta. (Líkingin er trúlega runnin frá slátrun sauðfjár en þó kann að vera að hljóðlíking eigi sinn þátt í orðtakinu).

*skilirí*: innrömmuð veggmynd. (To. úr d. *skilderi*).

*skinna e-ð upp*: endurbæta eða lagfæra e-ð.

*skirrast við e-ð*: vilja varast að gera e-ð.

*skín af*: sólin bræðir snjóinn ofan af gróðri.

*skítbras*: (niðrandi) slæmur samsetningur, jafnvel eittraður.

*skjaldan*: (staðbundið) sjaldan.

*skjatti*: lítill poki.

*skjálgur*: rangeygður.

*skjáta*: kind, horuð skepna (óvirðulegt).

*skjástur mínar*: (óvirðulegt) rollur mínar.

*skjómabör*: mannkenning.

*skjóta út öngum*: þreifa fyrir sér.

*skjóta veðrum himinsins ref fyrir rass*: snúa á veðurguðina, leika á veðurguðina. (Uppruni orðtaksins ókunnur).

*skjöktari*: eldhúslampi, færanlegur lampi.

*skolla*: vagma.

*skolli*: refur.

*skonrok*: sérstök tegund af hörðu brauði. (to. úr d. *skonrog*).

*skorðan skáhendinga*: stúlka, kona. (kvenkenning) *skemmtileg á kinn*: virðist vísa til vangasvipsins á Ástu Sóllilju, sbr. í þriðja erindi: *fagureygð á parti*.

*skothald*: (lélegar) nærbuxur.

*skotta*: algengt nafn á kvendraugum, á bls. 45 er átt við Gunnvöru.

*skotufrír*: laus við niðurgang, skitu.

*skotulömb*: lömb sem hafa skitu.

*skóf*: skán (t.d. í potti).

*skreið*: hertur fiskur.

*skreipur*: háll.

*skreppa fyrir leiti* (hæð eða hóll): (bls. 49) gegna þörfum sínum.

*skrimta*: draga fram lífið, lifa með naumindum, hjara, tóra.

*skrína*: askja, (bls. 399) matarkistill.

*skrof*: óslétt, holt (tvöfalt) íslag, þunnt íslag, drasl, ónýti.

*skrokkskjóða*: bylta, högg, líkamleg refsing.

*skrotóbak*: munntóbak.

*skrulfur*: garnagaul.

*skræða*: gömul fornfáleg bók.

*skuldaklafi*: skuldabaggi, óhemjumiklar skuldir.

*skupla*: höfuðklútur, skýla, klúthyrna.

*skussa e-m*: skjóta e-m stutta leið.

*skútyrðast*: skammast, rífast.



*skyggn*: (bls. 42) sá sem sér það sem öðrum er hulið, dulskyggn, ófreskur.

*skæni*: örþunnur ís.

*sladda*: sulla í bleytu.

*slafak*: grænt slý í tjörnum og lækjum. (to. úr fornírsku).

*slagi*: raki í húsum inni.

*slembirigning*: mikil úrkoma, hellirigning.

*slen*: þreyta, drungi, slappleiki.

*slengi*: (í niðrandi merkingu) samsafn af fólki, heimilisfólk eða skyldulið; innyfli.

*slétta*: (bls. 398) slétta tún.

*slíkt fá þeir sem sölin éta*: mh. slíkt, sem menn stofna til, (þ.e. yfirleitt vandræði eða óhöpp) það fer eftir, slíkar verða afleiðingarnar.

*slítandi*: dreif úrkoma.

*slorbragur*: slæmur bragur, ljótur útgangur. *það er enginn slorbragur*: það er fínt, glæsilegt.

*slot*: höll (to. úr d. *slot*).

*slotulaus*: samfelldur, linnulaus, sleitulaus.

*slyppur frá borði*: án þess að fá neitt í sinn hlut. *slyppur*: tómhentur, allslaus.

*slæðingur*: eitthvað óhreint, reimleikar, vofa.

*slægð*: kænska, lævísi.

*slægja*: sá hluti túns sem er verið að slá, óslegið tún.

*slæki stór*: stórvaxinn.

*slör*: blæja, þunnt klæði (fylgdi oft kvenhöttum). (to. úr d. *slør*).

*snarhyrndur*: með kröpp horn, afturbeygð.

*snáfa stutt*: (bls. 330) ná skammt, hafa lítið gildi.

*snefla e-ð upp*: þefa e-ð uppi, snapa e-ð upp.

*snemmrokkið skammdegiskvöld*: skammdegiskvöld þegar rökkrið leggst snemma að.

*sneypa*: ávíta, skamma.

*snikkurinn (horfinn) af vextinum*: sniðið (formin) horfið úr vextinum.

*snjár*: snjór (víxlmynd við snjór og snær).

*snjókrassi*: snjóhraglandi, slydda með nokkrum vindi.

*snjónál*: jurtt sem líka mun vera nefnd *vetrarkvíðastör* og *gulnefja*.

*snjósokkur*: grófprjónaður, hár sokkur sem hafður var utan yfir skó og buxur til að vera í í snjó.

*snoðlíkur*: alllíkur, áþekkur.

*snoðræna*: (bls. 369) humátt, í einfaldri röð.

*snuðiri*: (minniháttar) svik eða fjárprettir, sbr. *snuða* e-n: leika á, gabba í viðskiptum. (to. úr d. *snyde*: svíkja, pretta).

*snuprur*: ávítur, skammir.

*snurfusa*: snyrta til, laga.

*snúðugleikur*: þótti, rembingur.

*snússa eftir hinu sko*: þefa eftir hinu kyninu.

*snydda/snidda*: hleðsluhnaus sem notaður er í vegghleðslu.

*snældustóll*: stokkur (úr tré) fyrir rokksnældur, stundum skreyttur með útskurði.

*soðning*: (bls. 54) soðinn fiskur.

*sofa milli eykta*: sofa um það bil þrjár klukkustundir.

*sofa tilfætis*: sofa með höfuðið við fótagaflinn, andfætis.

*sofa upp í kverkina*: sofa við höfðagaflinn.

*sóða mestöllu í garð*: koma mestöllu heyinu heim (í hlöðu).

*sól í sinni*: vonglaður, í góðu skapi. *sinni*: (bls. 190) hugur, geð.

*sól var löngu affjalla*: sólin var löngu sest, komin að fjallabaki.

*sólfarsvindur*: vindur sem snýst eftir sólargangi.

*sólhvarfadagurinn*: 21./22. desember, þegar sólargangur er skemmstur á norðurhveli jarðar.

*sólna grúi*: mikill fjöldi sólna.

*sólundarfé*: eyðslufé. *sólunda*: eyða, sóa.

*sóttarfönn*: áköf skita í sauðfé.

*sóttlera*: lo.ób. magnlítill af sjúkdómi.

*spangóla*: (um hunda) reka upp langdregið hljóð, ýlfur.

*spekúlera*: (bls. 292) velta fyrir sér viðskiptum, ef til vill með jarðeignir í huga. Bjartur lætur sér koma í hug að maðurinn sé hugsanlega jarðabraskari.

*sperra no.:* burðartré í þakrisi.

*spégauti (-ur)*: lítill fleygur til þess að víkka út handveginn á peisum.

*spilkoma*: (matar)skál úr leir, hankalaus bolli. (to. úr d. *spølkum*).

*spjaldvefnaður*: forn vefnaðaraðferð sem iðkuð er með spjöldum.

*spóinn vellir graut*: sagt um hljóðið sem spóinn gefur frá sér, einkum að vorlagi.

*spretta grön*: vaxa skegg.

*spræna*: (óvirðulegt) lítil á, lækur.

*sprök rödd*: veik rödd eða rödd sem hættir til að bresta.

*spyrða*: (bls. 339) reipi sem bundin eru saman.

*spæll á frakka*: þverband aftan á frakka.

*spönn*: gömul lengdarmálseining, bilið frá löngutöng eða litlafingri að þumli með sundurglenntum fingrum. (sbr. *að komast ekki spönn frá rassi*).

*staðfesting*: (bls. 383) ferming barns (sbr. lat. confirmatio: eiginl. *staðfesting* skírnarinnar).

*staðreyna*: fá vissu fyrir, sannreyna.

*stafgólf*: bilið milli tveggja sperra eða stoða, lengd á baðstofum var gjarna mæld í stafgólfum (1.5–2 m). Baðstofa hefur varla getað verið minni.

*stag*: (bls. 451) snúra.

*staki*: (bls. 454) stakur vettlingur.

*standa á með vatnskjaftinn*: halda áfram að vinna án þess að hafa fengið nokkra næringu.

*standa í hljóðstafnum*: rétt stuðluð vísa sem hefur stuðla og höfuðstaf á réttum stöðum.

*standa í höm*: (um skepnur, aðallega hross) standa og snúa undan vindi og skjóta bakhlutanum í veðrið.

*standa í stykkjunum*: standa sig vel, standa við sínar skuldbindingar.

*standa reiðilega í skilum*: standa greiðlega í skilum. *reiðilegur*: (bls. 247) áreiðanlegur.

*standa út á túninu að berja*: mylja tað (húsdýraáburð) niður í grassvörðinn til áburðar.

*Starfið er margt.../ Fjalladrottning .../ Í heiðardalnum*: allt þekkt ættjarðarljóð. Skáldin sem ortu þau eru: Hannes Hafstein (1861–1922), Sigurður Jónsson frá Arnarvatni (1878–1949) og Bjarni Jónsson (1862–1951).

*staursetja (lík)*: geyma lík í jörðu þar til prestur á kost á að veita því yfirsöng og kasta rekunum.

*stáss*: fínn klæðnaður, skraut, skart. (to. úr d. *stads*: skrautsýning).

*stefna sem kom frá vefurunum í Kasmír á Bretlandi*: árið 1844 stofnuðu nokkrir fátækir vefarar í verksmiðjubænum Rochdale á Englandi samvinnufélag sem varð að fyrirmynd slíkra félaga.

*steggur*: (bls. 48) karlkyns önd, andarsteggur.

*steggur*: ólykt, óþefur.

*steigurlæti*: yfirlæti, mikillæti, hroki.

*steina feima*: kvenkenning.

*steindepill*: fugl af þrastaætt.

*stekkur*: svæði eða fjárrétt þar sem lambfé var haft og þess gætt, einkum þegar lömb voru færð frá mæðrum sínum, þ.e. ánum, sbr. vísuna um gimbillinn. „Gimbillinn mælti / og grét við stekkin: / „Nú er hún móðir mín/ mjólkuð heima...“.

*stemma stigu fyrir e-u*: hindra e-ð, koma í veg fyrir e-ð.

*stemma*: rímnalag.

*stjóri*: akkerissteinn, lítið akkeri.

*stolta yfir e-m*: hreykja sér yfir e-m, hrósa sigri yfir e-m.

*stó*: eldstó.

*stórabóla*: mannskæð pest sem geisaði hérlendis snemma á 18. öld (1707–1709).

*strandaglópur*: sá sem missir af skipi eða öðru slíku farartæki.

*streftur*: mjólkurdropi, það síðasta sem hægt er að hreyta úr júgrinu, tutl.

*strengur*: (bls. 316) jarðvegslag í vegghleðslu.

*striffa*: ausa

*strikinn af eldi*: (um hross) vegna góðrar fóðrunar gljafir feldurinn. *strikinn*: með slétt og strokið hár.

*stritla*: kýr sem mjólkur lítið, er nytlág.

*strjúpi*: háls (á manni eða skepnu) einkum haft um hálsinn ef höfuðið hefur verið höggvið af.

*strunta*: óvönduð neftóbaksponta. *ponta*: íbjúgt tóbaksílát.

*stumpasirs*: klæðisbútur úr þéttofnu mislitu bómullarefni. (To. úr d. *sirts*).

*sturlungaöld*: (bls. 77) eins konar styrjaldarástand eða ófriður á heimili. (Annars það tímabil Íslandssögunnar sem kennt er við ætt Sturlunga, um 1200–1262).

*stúflumark, tvírifað í stúf, tvísýlt*: eyrnamörk (heldur ljót).

*stútungskvenmaður*: allstór og gervileg miðaldra kona.

*sullur*: sullaveiki, þ.e. vökvafyllt blaðra með lirfum, oftast staðsett í lungum eða í lifur millihýsla.  
*sullur*: skylt svella, veikin lýsti sér með bólgu í líffærum.

*sundurlyndi*: ósætti, ósamlyndi, sundurþykkja.

*surtarbrandur*: brúnkol, mókol (hitaminni við brennslu en steinkol).

*súð*: timburklæðning innan á þaki. (sjá *skarsúð* í 3. kafla)

*súpa hveljur*: taka andköf, grípa andann á lofti.

*súpa seyðið af e-u*: fá að kenna á afleiðingum e-s.

*súsandi lauf*: lauf sem vindblær þýtur í.

*svaglandi*: vindbára (á sjó eða vatni), sbr. so. *svagla*: gjálpa, skólpast til, gutla.

*svam*: synti (gömul orðmynd: *svima* eða *svimma* – nh. sbr. e. *to swim*).

*svangi*: tómur magi.

*svardagi*: eiður, eiðfestur sáttmáli.

*svarðleitur*: dökkleitur, með jarðarlit, *svörður* (bls. 37) grasrót, torf.

*svartidauði*: plágan mikla, skæð drepsótt sem herjaði á landsmenn snemma á 15. öld (1402–1404).

*svás* lo.: blíður, ljúfur, kær.

*svefnstyggur*: eiga bággt með svefn nema kyrrt sé og hljótt.

*sveitarflutningur*: flutningur fjölskyldu, sem ekki getur séð fyrir sér, í það sveitarfélag sem ber að sjá um framfærslu hennar.

*sveitarþyngsli*: eitthvað sem veldur útgjöldum í hreppnum, t.d. gamalt fólk, hreppsómagar o.s.frv.

*sveski*: sveskja, þurrkuð plóma.

*sviðrandi blindhríð*: feiknaleg hríð.

*svinnur*: ágætur, vitur (bls. 227) fallegur.

*Svo er barn á afbæ sem vanið er í óbæ*: (mh.) barn sem elst upp á slæmu heimili (óbæ) hegðar sér að heiman (á afbæ) í samræmi við það.

*svo nauðið*: svo nákvæmt. (sbr. d. *ikke tage det så nøje*).

*svo sem engin aðrétt*: svo sem engin eiginleg gjöf. *aðrétt*: gjöf, e-ð sem e-m er rétt.

*svo ætlum við hvor upp á annan bæði með ...* : svo treystum við hvor á annan bæði með ... .

*svæfingarjárn*: sérstakt járn sem notað var til þess að lóga stórgripum.

*sylgja*: hringja, spenna.

*sýknt og heilagt*: seint og snemma, ævinlega, alltaf (eiginl. á virkum dögum og helgum, þ.e. stöðugt).

*sýldur* lh.pt.: klakaður. *sýla*: frjósa, klaka; leggja ísi. (skylt *svella*).

*sýlt, sneitt, gagnfjaðrað*: fjármörk.

*sýta út í*: (bls. 579) hafa áhyggjur af, skammast út í.

*sýta*: harma, syrgja, sjá eftir, sbr. *sút*: sorg, áhyggja.

*sýtingssemi*: smámunasemi.

*sækýr*: Í þjóðsögum er stundum getið um sækýr, þær þóttu góðar mjólkurkýr og voru yfirleitt gráar á lit.

*sælt er und þökum englaranns*: sælt er að vera undir þökum í húsi englanna. *rannur* kk., *rann* hvk.: hús, heimili.

*særingamaður*: maður sem stundar særingar, þ.e. galdra.

*söðulvega*: kvenvega, með báða fætur sömu megin á klárnum. (áður í 8. kafla).

*söguskæði*: laun fyrir söguburð. *skæði*: skinn sem ætlað er í skó. (skórnir slitna við söguburðinn).

*söngnir*: (lo. kk. ft.) væntanlega af *söngvinn*: hneigður fyrir söng, lagvís.

*sörlóttur*: (um hesta) moldóttur, grár með dökkar (rauðar) yrjur.

*tagl*: (bls. 96) reipi úr hrosshári, reiptagl; (annars) rófa á hesti, sbr. e. *tail*.

*taka e-n í forsvor*: taka e-n undir sinn verndarvæng, taka ábyrgð á e-m.

*taka e-n upp á sinn eigin eyk*: taka e-n upp á sína arma, hjálpa e-m. *eykur*: dráttardýr, hestur, fararskjóti. Líkingin vísar til þess að sá sem er hjálparþurfi er fluttur á hesti annars manns.

*taka skáann úr heyjunum frá fénu*: taka það skásta af heyjunum frá kindunum. *skái af e-u*: það besta af e-u.

*taka upp þykkjuna fyrir e-n*: móðgast fyrir hönd e-s, taka svári e-s (sem hallar á).

*taka upp þykkjuna fyrir sinn ál*: taka svári e-s sem hallað hefur verið á, á bls. 60 tekur Rósa svári álsins.

*tambakshringur*: látúnshringur. *tambak* (eða *tannbak*): látún, sérstök málmblanda úr kopar með gullslit.

*tanna sig*: bíta sig létt með tönnunum, naga.

*tasvígur*: ötull, fyrirferðarmikill.

*tál*: svik.

*tálvonir*: falskar vonir.

*teigur*: (bls. 48) spilda sem verið er að slá.

*tensa sig til*: punta sig.

*tepruskapur*: hégómaskapur.

*til þess að kistan snaraðist ekki yfir um*: til þess að kistan færi ekki öll öðrum megin á klárinn (og dytti þá væntanlega til jarðar).

*tileygð*: rangeygð.

*tillátsleysi*: tilhliðrunarleysi, eiginl. það að vera ekki eftirgefanlegur.

*tína*: riða höfði, depla eða flökta augum.

*tinandi augum*: með flöktandi (deplandi) augum.

*tindadofi*: náladofi.

*tindhagur*: nægilega hagur til þess að setja tinda í hrífu o.fl., búhagur.

*tía*: (bls. 250) móðir.

*tímgast*: (498) æxlast.

*tjarga hrúta*: fé var stundum tjargað í krúnuna til auðkennis en einnig báru menn tjöru á kverk og snoppu kindarinnar sem átti að vera vörn við því að tófan biti þær.

*togleðrin*: (bls. 544) hjólbarðarnir.

*torfgröf*: mógröf, svarðargröf. *torfgrafarálft*: óðinshani.

*torfpæla*: lægð sem verður þar sem torf hefur verið tekið.

*tók sér þetta blóð*: (bls. 567) borgaði þetta fé.

*tómt flatbytna rím*: ómerkilegt rím.

*tór hvk.*: bjarmi í skýjum, ljósglæta.

*tóvinna*: ullarvinna.

*troða á hánni*: troða á nýspröttu grasi. *há*: gras sem vex á túnum eftir fyrri (eða fyrsta) slátt. (verra var að slá bælt gras með orfi en ótroðið).

*troðjúgra*: með júgrið fullt af mjólk.

*trog*: (tré)ílát, ferhyrnt og fremur grunnt.

*tros*: úrgangsfiskur, oft keila og langa o.fl. sem ekki var útflutningsvara.

*trosfiskur*: sjá tros.

*trunta*: bikkja, lélegt hross.

*trússahestur*: baggahestur, hestur sem notaður er undir trúss, þ.e. bagga eða farangur.

*trýttur*: (einkum um hesta – þó ekki á bls. 544) horaður, beinaber á lend.

*tröllsligaður*: sligaður af óvættum, borinn ofurliði.

*tuddi*: bolakálfur; (bls. 122) um hreindýrið, hreininn sem Bjartur reið yfir ána.

*túða*: loftgat á þaki. (to. úr d. *tud*: stútur).

*tvínóna*: slóra, hika, dunda, draga á langinn (sennil. af eyktamarkinu *nón* 15:00).

*tyfta*: refsa.

*tylla undir hjá sér*: tylla skeifu undir hestinn hjá sér.

*tyllidagar*: hátíðisdagar, dagar sem haldið er upp á.

*tyllivon*: fölsk von, tálvon.

*typpilsinna*: snakillur, uppstökkur.

*tyrfa*: þekja með torfi.

*tæja (táðu þt. ft.)*: greiða úr ull.

*tæring*: (bls. 21) berklar.

*ufs* – ft. *ufsir*: þakbrún; (bls. 231) fjallseggjar.

*um miðja vöku*: um miðja kvöldvökuna, þ.e. frá því að ljós voru kveikt þar til að háttað var.

*umdæmingaraf*: dómgreind.

*umskiptingur*: (úr þjóðtrú) barn úr álfheimum sem sett hefur verið í stað hins mennska barns.

*undanfæringarmark*: mark sem notað er í stað annars marks (getur t.d. átt sér stað þegar kind er seld til lífs).

*undir svarinn eið*: þ.e. sverja þess eið að e-ð sé satt og rétt.

*undirdekk*: hlífðarabreiða á hest, undir reiðtygi.

*undirfólk*: (bls. 311) efnalítið fólk, fólk sem stendur lágt í þjóðfélagsstiganum.

*undirhyggja*: slægð, tvöfeldni, hafa annað í hyggju en blasir við.

*upp í ívilnun í útsvarið*: fyrir afslátt á útsvarinu.

*uppáfallandi*: óvæntur, e-ð óvænt.

*uppgróinn*: (um veður) himinn sem er þakinn óveðurs- og regnskýjum.

*upphefur einyrkinn óð sinn*: sá sem vinnur einn að búi sínu er *einyrki* en *óður* er hér eins konar lofgerðaróður. Stefán frá Hvítadal (1887–1933), skáldbróðir Halldórs, gaf út ljóðabók árið 1921 sem heitir *Óður einyrkjans*.

*upphlutur*: sérstakur íslenskur kvenbúningur, þar sem bolurinn er oft útsaumaður og tekinn saman að framan með silfursmíð.

*upprof*: (stutt) uppstytta.

*uppsláttur*: ávinningur.

*upptrekkiríð*: uppskrúfað verð.

*urðarkötturinn breima*: útilegukötturinn með eðlunarhljóðum.

*utanbúðarstrákur*: strákur eða maður sem annast viðskiptavinina á vörugeymslusvæði utan búðarinnar, pakkhúsmaður.

*úréttin lömb*: lömb sem ekki hafa náð að éta nægilega vegna annarra lamba eða kinda.

*úrferð*: (bls. 290) úrkoma, rigning.

*úrhvak*: (um menn) úrþvætti, afstyrmi.

*úrsvalur*: kaldur og rakur (um loft eða vind).

*úrtaka*: (hannyrðir) úrfelling, úrtekt þegar þjónað er.

*útburður*: (úr þjóðtrú) barn sem borið hefur verið út, vofa barns sem þannig hefur dáið, sbr. *útburðarvæl*: hljóð sem áttu að stafa frá útburði.

*útheysmyglingur*: slæmt, myglað hey af engjum.

*úthúða fyrir horfelli*: skamma (gífurlega) fyrir að fé hafi fallið úr hor (vegna heyleysis).

*útmánuðir*: tveir til þrjár síðustu mánuðir vetrar, (þorri), góa og einmánuður.

*vafurlogi*: flöktandi logi, villieldur.

*vagl*: ský á auga.

*vaka, vökulokin*: tíminn frá því að kveikt er og þar til að háttað er, kvöldvaka.

*valkóka*: voka yfir, gægjast.

*valköstur/valkestir*: fallnir menn á vígvelli (í haugum).



*vallendisóberjurnar*: (óvirðulegt) hart og þurrt graslendi sem vont er að slá.

*vallgresi*: gras sem vex þar sem vallent er, þ.e. þurrt land og hart.

*vallgróinn*: grasi gróinn, um eitthvað hlutkennt sem hefur sigið að hálfu leyti í svörðinn og gras er tekið að þekja.

*valur*: fallnir menn á vígvelli.

*vandkvæði*: erfiðleikar, hindrun.

*vanhaldasamt*: (um fé) tjónasamt, sbr. *vanhöld*: missir, tjón (á búpeningi).

*vanhöld*: tjón (einkum á skepnum).

*vankafé*: fé með höfuðsótt, sullaveikt fé.

*vanki*: (bls. 34) höfuðsótt, sullaveiki í höfði sauðfjár og nautgripa, einkennist t.d. af hringsóli og krampaköstum. Það er sérstök bandormstegund, *Taenia multiceps*, sem lifir í hundum sem veldur vanka.

*vanmetagripur*: vanmetaskepna, gallagripur (á bls. 159 um mann).

*vanmetapeningur*: (um skepnur yfirleitt) gallagripur, (bls. 280) vanstillt manneskja.

[gamla manningum] *varð aldrei neitt uppifast*: hélt aldrei á neinu, allt fór í súginn hjá honum.

*vargur*: skaðræðisdýr t.d. tófa, hrafn, veiðibjalla.

*vatnskista*: land, jarðvegur sem vatn situr mjög í.

*válegur*: háskalegur, sbr. *vá*: hætta, tjón.

*vefjan silfurspanga*: stúlka, kona (kvenkenning).

*vegglægja*: efsti hluti á hlöðnum vegg, veggjarpallur.

*Veiðimaðurinn*: kvæði eftir Kristján Jónsson Fjallaskáld (1842–1869). Ljóð hans nutu mikilla vinsælda á seinni hluta 19. aldar en í þeim er býsna rómantískur og þunglyndislegur blær.

*veifiskati*: vesalmenni, ístöðulaus, reikull maður.

*veimiltíta*: lítill og grannvaxinn maður, vesalingur.

*veisa*: kelda, mýrlendi.

*veit ekkert jafnrammt*: jafn beiskt eða sterkt.

*veita no.:* (bls. 15) blautt landsvæði.

*veldu á hann glaðvaknaðir spóar*: sagt er að *spóinn velli* þegar hann gefur frá sér hljóð.

*vellóttur*: (um sauðfé) gulleitur, írauður í framan.

*Vellygnibjarni*: þjóðsagnapersóna sem þekkt var fyrir óheyrulegar lygasögur.

*veldtiár*: uppgangsár, góðir tímar (fjárhagslega), peningaár.

*vensl*: tengdir, mægðir, skyldleiki. *venslaður*: tengdur, mægður.

*vera að skilja*: (bls. 51) vera að skilja mjólkina, þ.e. greina að rjóma og undanrennu. Á Útirauðsmýri er mjólkinn greinilega skilin í skilvindu sem var nýjung á þessum tíma.

*vera á hnotskóg eftir e-u*: sækjast eftir e-u.

*vera á nástrái*: hafa lítið til þess að lifa af. *nár*: lík.

*vera á snærum e-s*: vera á vegum e-s.

*vera á sveit*: þiggja sveitarstyrk til þess að framfleyta sér.

*vera e-ð útbært*: vilja láta e-ð af hendi, láta e-ð falt.

*vera e-m þungur í skauti*: reynast e-m erfiður viðfangs.

*vera fyrir bí*: vera liðinn undir lok, vera búinn að vera. (to. úr d. *bi*).

*vera fyrir framan hjá föður sínum*: vera eins konar bústýra eða ráðskona hjá föður sínum.

*vera gengin fyrir gaf*: vera fermd.

*vera í ani með e-ð*: vera upptekinn við e-ð, eiga erilsamt. *an*: flan.

*vera komin um tekt*: vera komin um fermingu.

*vera kominn á fremsta hlunn með e-ð*: vera að því kominn að gera e-ð. Úr sjómanna máli, bátar voru dregnir upp og settir fram á *hlunnum*: dragstokkum.

*vera langt að rekinn*: vera langt að kominn.

*vera sýnt um e-ð*: sjá: þeim var sýnt um ...

*vera til í tusk*: (bls. 47) vera reiðubúin(n) til hvílubragða.

*vera um það bil komin til aldurs*: vera nærri því fullorðin.

*vera vokins um e-ð*: í vafa um e-ð.

*verða að aldurtili*: leiða til dauða. *aldurtili*: dauði, dauðamein.

*verða aldrei misdægurt*: verða aldrei lasinn.

*verða á milli gangna*: þannig var tekið til orða um fé sem ekki kom fram í göngum (talað var um fyrri göngur og seinni göngur eða leitir).

*verða e-m að fjörlesti*: valda dauða e-s. *fjörlostur*: dauði.

*verða reisa*: ófær um að rísa á fætur (t.d. vegna skorts á fóðri).

*verða vel við dauða sínum*: orðalag sem notað var til forna ef menn báru sig vel þegar þeir voru teknir af lífi. Á að sýna á sinn hátt hversu forhert Gunnvör var.

*verið hart á barið*: verið erfitt.

*verkljóst*: nægilega bjart til þess að geta unnið.

*verksígjörn*: iðin, vinnusöm.

*vershús*: vertshús, ölkrá, veitingahús.

*vessi*: vökvi, væta; ýmis líkamsvökvi.

*vestanhallt við útnorður*: nokkuð til vesturs frá norðvesturátt. (Sögusvið bókarinnar gæti samkvæmt ýmsum atriðum átt að vera á heiðunum norðaustanlands. Hreindýr voru t.d. hvergi á Íslandi nema þar á þeim tíma sem sagan á að gerast. Áin Jökulsá á Heiði og ferðalag Bjarts yfir hana kemur vel heim við jökulsá sem nefnd er ýmist Jökulsá á Dal eða Jökulsá á Brú. Á henni var kláfferja og norðan við hana er bær sem heitir Brú).

*vestrænir menn / af vestrænum löndum*: átt er við menn frá Írlandi og eyjunum sem eru vestur og norður af Skotlandi.

*Vesturálfa*: Vesturheimur, (bls. 21) einkum Kanada og Bandaríkin.

*vetrarlopi*: (grænt) gras sem kemur undan snjó á vorin.

*veturgömul gimbur*: kvenkyns lamb sem lifað hefur einn vetur. *gimbur*: veturgamalt ærlamb.

*veturnætur*: tíminn kringum *fyrsta vetrardag* (laugardagurinn 21.–27. okt.).

*við [áttum] góða kunningja þar í heiðinni, sem iðulega stóðu okkur til annarrar handar*: Finna á hér við huldufólkið sem oft hafi hjálpað þeim í Urðarseli.

*við lýði*: halda e-u óbreyttu. (sennilega komið úr d. *holde ved lige*).

*Viðeyjarbókin*: átt mun við þá útgáfu af Biblíunni sem gefin var út í Viðey árið 1841.

*viðhögg*: viðarbútur til að hafa undir við högg.

*viðjamikill*: (líklega) traustur.

*viðurhlutamikið starf*: ábyrgðarstarf.

*vigureggjar*: spjótseggjar.

*villibráð*: (bls. 119) blóðbúðingur, blóðgrautur.

*vindfrassi*: éljahreytingur.

*vinna slig*: vinna bug á.

*vit*: (bls. 584) skilningarvit (munnur, nef, augu).

*víað hræ*: hræ með maðkaflugulifrum.

*víðikettlingur*: víðirekill, þ.e. brum, óútsprunginn blómhnappur á víði.

*víf*: kona, eiginkona (sbr. e. *wife*).

*vífilengjur*: undanbrögð, fyrirláttur. (Uppruni óljós).

*vígt vatn*: vatn sem vígt hafði verið af presti þótti gera mönnum gott á ýmsan máta.

*víkingsmaður*: dugnaðarmaður.

*víkja úr öndvegi*: víkja úr virðingarsæti.

*víla*: kveina, barma sér.

*vísur ömmunnar*: þær eru blandaðar latínuorðum og eru sum þeirra afbökuð og lítt skiljanleg.

*voðfellður*: (bls. 363) loðinn, (um klæði) mjúkur, floskenndur.

*vokins lo.*: í vafa, efins.

*volgra*: heitar lindir, volg uppspretta.

*vornál*: fyrsti gróðurvottur að vori.

*vot ljá*: blautt nýslegið gras.

*votabandskapall*: (bls. 315) tveir baggar af blautu nýslegnu grasi.

*vóð*: (þt. af vaða, svo vegna stuðlasetningar) óð.

*Vóðins dúkar*: (sennilega) mannkenning.

*væða*: dög, náttfall.

*vælindað*: vélindað, fæðupípa úr koki í magaop.

*væna mig skreytni*: ásaka e-n um ósannindi. *væna e-n e-s*: ásaka e-n um e-ð.

*vængjuð orð*: háfleyg eða snjöll orð.

*vætt*: þyngdarmálseining, breytileg eftir tímaskeiðum. Oft um 35–40 kg. Hellan, sem Bjartur er að fást við í hellinum, er þá svipuð að þyngd og *Húsafellshellan* sem kennd er við Húsafell í Borgarfirði en hún er sögð vera 186 kg. (Sú hella kemur raunar fyrir í 11. kafla í *Íslandsklukkunni* eftir H.K.L.).

*vökustaur*: (bls. 225) lítil spýta til þess að halda auganu opnu þótt menn syfji. (ýkjukennd hugmynd).

*vökvun*: (bls. 282) spónamatur, grautur, einkum skyrhræringur.

*yfrinn*: ærinn, kappnógur.

*yrja heiðina*: (bls. 150) yrkja, rækta heiðina.

*yrjóttur*: dröfnóttur.

*yrkja sér til hugarhægðar*: yrkja sér til ánægju og hugarléttis. Úr vísu eftir Pál Ólafsson (1827–1905): *Kvæðalaunin*. (bls. 36 – komið)

*ýlir*: gamalt nafn á öðrum mánuði vetrar (hefst 20. til 27. nóvember), orðið er skylt *jól*.

*það er afbrá í köldu vatni*: manni léttir við að drekka kalt vatn, sbr. *það bráir af e-m*: e-m léttir.

*það er borin von*: það er ólíklegt.

*það er ekki bitið úr nálinni enn*: sjá: *það er sosum ekki bitið úr nálinni*.

*það er ekki mikið að láta*: það er ekki af miklu að státa.

*það er ekki ný bóla að kjafturinn verði henni að broðhlaupi*: það er ekkert nýtt að kjafturinn komi henni í vandræði.

*það er sosum ekki bitið úr nálinni*: það er ekki búið að kenna á afleiðingum e-s.

*það er stór í svæðunum*: það vex stargresi í votlendinu. *svæða – svæður* ft.: blautt starengi. (Störina mátti gefa kúm).

*það eru ómerk ómagaorðin:* mh. orð ómagans eru ómerk, marklaus eru orð þess sem ekki getur séð fyrir sér sjálfur.

*það gaf ofan í maskínuna:* reyknur sló niður í eldavélina.

*það gefur ofan í:* (um reyk) reyknur slær niður (í strompinn).

*það grær ekki um farandi stein:* (mh.) það grær ekki vel um þann stein sem oft er hreyfður (þann sem oft flytur búferlum).

*það hafði drepið undir þær* [konurnar]: það hafði runnið undir þær vatn.

*það hafði flogið fyrir:* orðrómur var um e-ð.

*það hafi losnað undan hjá sér* [hreppstjóranum]: hreppstjórinn á við að skeifa hafi losnað undan hestinum.

*það kemur an upp á:* það er undir ýmsu komið. (úr d. det kommer nu an på).

*það lendir hver eins og lund var til:* það endar fyrir hverjum eins og hann hefur geð til. (til er málsháttur sem er svipaður þessum orðum: *það liggur hver sem lund er til*).

*það sem þrek [...] hafði viðkvæmnin misst:* (óbeint) úr vísu eftir Steingrím Thorsteinsson 1831–1913.

*það sér ekki högg á vatni:* e-ð ber engan árangur, það verður ekki vart neinna breytinga.

*það tók aldrei í glugga:* það þiðnaði aldrei ís á gluggunum.

*það var dálítið á fótinn fyrir sálina:* talsvert erfitt andlega.

*það var farið að skriða á hann:* þ.e. lús.

*það var í tilferð að rætast:* um það bil að rætast.

*það var jöfnu báðu:* tíminn mitt á milli tveggja eykta, á bls. 261 væntanlega um 7:30.

*það var lakur skúti:* hluti af mh.: það er lakur skúti sem ekki er betri en úti.

*það var svo vart og skart:* algjörlega laust við, það var svo brennt fyrir það.

*það voru áhöld um:* það lék vafi á.

*þakka sínum sæla:* geta talið sig heppinn, (eiginl.) þakka guði eða sínum sæla dýrlingi.

*þar á ég úlfs von sem ég eyrun sé:* (mh.) þar á ég von á úlfi sem ég sé eyru hans; þar er mér illt von sem ég illt sé.

*þar sem síst var hætta á ílegum:* þar sem síst var hætta á að klárinn, Blesi, sykki þar sem ófært var. (*ílega:* staður þar sem hætta er á að ökutæki eða hestar sökkvi í bleytu).

*þá kom upp í honum svolítill skapglóra:* þá vottaði fyrir því að honum rynni örlítið í skap.

*þá líf sitt:* þáði líf sitt (þiggja – þá – þágum – þegið, st.b).

*þá lítur hann í brá sína björtu:* þetta orðtak finnst ekki í orðabókum en virðist merkja eftir samhenginu: verða ekki kápan úr því klæðinu eða e-ð í þá áttina.

*þá tók nú fyrst í hnúkana:* keyrði um þverbak, kastaði tólfunum, mælirinn varð fyrst fullur.

*þánandi snjór*: snjór sem er að þiðna. *þána*: þiðna, hlána.

*þegar Ferdínand var skotinn*: Franz Ferdínand (1863–1914) erkihertogi og ríkiserfingi Austurríkis-Ungverjalands var myrtur ásamt konu sinni 28. júní 1914. Sá atburður varð kveikja fyrri heimsstyrjaldar (1914–1918).

*þegar fram á kemur*: þegar kemur fram á vor eða útmánuði.

*þegar öll kurl koma til grafar*: þegar allt er skoðað rækilega, þegar öllu er á botninn hvolft. Líkingin er sótt til kolagerðar í birkiskógum á öldum áður.

*þeim (börnunum) var sýnt um skepnum*: þau hafa gott lag á skepnum, gott vit á skepnum.

*þenkimáti*: hugsunarháttur. (to. úr d. *tænkemåde*)

*þeir (strákarnir) höfðu leikið sér að því að ríða undir hann á hálsinum*: ríða í spretti alveg að öðrum reiðmanni og hvetja hest hans þannig – honum oft til óþurftar.

*þeir sem útsjúga hús [...] fengið sig fullkeypta*: þeir sem mergsjúga þá sem lakast standa hafa nú fengið að kenna á því. (biblíulegt orðfæri).

*þeir voru ekki að flýja út í þennan ljóðmælastíl sem er uppfylltur af sýt og hjartveiki og hégómlegum sálarútaustri*: helstu einkenni nýtískuljóðmæla að mati Bjarts. Svokölluð nýrómantík var ríkjandi í bókmenntum á fyrstu áratugum 20. aldar en skáld þeirrar stefnu lögðu áherslu á innra líf einstaklingsins.

*þelband, þel*: fingert ullarband úr mýksta hluta ullarinnar (ullin skiptist í *þel* og *tog*).

*þennan ganginn*: í þetta skipti.

*þerriblökur*: lélegur þurrkur, þurrkflæsa.

*þetta er orðið svo farið*: hún (amman) er orðin svo útslitin og lasburða. (Bjartur talar um gömlu konuna í hvorugkyni).

*þeygi*: (ao.) ekki, eigi.

*þeyr*: þíðviðri, hláka; þíður vindur.

*þeysnjór*: þiðnandi snjór.

*þéna*: (bls. 116) henta, gagna, nýtist. *hella hafði ... þénað gestum*: hafði nýst gestum.

*þig brestur* (óp.so.): þig skortir.

*þiggja af sveit (hafa þegið af sveit)*: hjónin hafa þurft að þiggja fé eða stuðning frá hreppnum.

*þinglesinn jarðeigandi*: eigandi jarðar, kaupsamningi hefur verið þinglýst, hann þinglesinn og gerningurinn færður í opinberar bækur.

*þjóðbankinn var [...] orðinn ríkisbanki*: hér hefur höfundur trúlega í huga fall Íslandsbanka sem átti sér stað 1. febrúar 1930. Nokkru síðar var Útvegsbanki Íslands stofnaður.

*þjóðvinafélagið*: Hið íslenska þjóðvinafélag, stofnað 1871 til að berjast fyrir „íslenskum landsréttindum“ og stuðla að framförum landsins.

*þjófsnautur*: sá sem nýtur þýfis sem e-r annar hefur stolið.

*þorn*: standur í hringju eða sylgju til þess að festa í henni ólarendann.

*þó konan sé hafin út*: enda þótt eiginkonan hafi verið borin á brott sem lík. (sbr. *hefja út (lík)*: flytja lík úr húsi til greftrunar).

*þó plöggin*: þvoði sokka, flíkur. (So. að þvo beygðist áður sterkt: *þvá – þó – þógum – þvegið*).

*þó*: þvoði (gömul beyging).

*þótt fjöðurin biti*: (bls. 97) þótt ljáblaðið biti.

*þreknast upp á þann kantinn*: orðin barnshafandi, farið að sjá á henni.

*þrenningarhátíð*: sunnudagur næstur á eftir hvítasunnu, trinitatis, helgidagur heilagrar þrenningar.

*þrjátíu ættliðir*: oft er talað um að í hverri öld séu um þrjár kynslóðir.

*þruska við*: ýta við.

*þrúgandi*: þrýstingur, vindsperringur.

*þræsingur*: þrálátur vindbeljandi, kalt hryssingslegt veður.

*þungur kross*: (bls. 161) þung byrði, þjáning.

*þunnildi*: kviðstykki á fiski.

*þurrabúðarmaður*: maður sem býr í þéttbýli en hefur ekki afnota af jörð og á engar skepnur.

*þú ert ekki aldeilis hnípin*: þú ert aldeilis ekki niðurdreginn.

*þú ferð á hreppinn, maður*: þú lendir á sveitinni, þú verður félaus og verður að þiggja framfærslustyrk af sveitarfélaginu.

*þúfnafyllir*: (bls. 286) fullt af vatni milli þúfna.

*þvara*: sleif.

*þvengur*: skóþvengur, reim.

*þverfeta sig*: fara sér hægt, feta sig áfram.

*þvergirðingur*: stífni, þrákelkni, þrjóska.

*þverúðugur*: þverlyndur, sbr. *úð*: hugur, hyggja, sem algengt er í samsetningum: *ástúð, andúð*.

*þynnuskór*: sauðskinnsskór.

*þyrma*: hlífa, vægja. *viðþyrmt*: hlíft við.

*þýlyndur*: sá sem hefur lundarfar þræls, *þý*: þræll, ambátt.

*þökta*: blakta dauflega, blakta á skari, rétt tóra.

*æðra/æðrur*: ótti, hugarangur, víl.

*æðra*: (bls. 177) víl, ráðleysi, hugarangur. (Líka í lokakafli, kap. 76)

*æja – áði – áð*: hvíla á ferðalagi (menn og hesta).

*æki*: kerra, ökutæki með hlassi. (sementsæki í kap. 68)

*ærbók*: bók sem bóndi hefur og færir í upplýsingar um fé sitt.

*ærhornaríska*: krappt og mjótt ljáfar, (bls. 282 skammaryrði notað um Finnu) kvenskass.

*ærnar skarðaði í bringu*: var sagt um fé þegar ójöfnur fundust á bringubrún en það sýndi að ærnar væru magrar.

*öðuskel*: skel af kræklingsett.

*öfuguggi*: (um fisk) fiskur sem hefur ugga sem snúa öfugt – hjátrú var tengd öfuguggum og slíkir fiskar voru taldir eittraðir.

*ölmusumaður*: maður sem þarf að biðja sér bónbjarga.

*ölmusubræll*: maður sem þiggur *ölmusu*: fátækrahjálp, þ.e. beiningamaður.

*öndverðum dögum*: (á) upphafsdögum; andheiti: *ofanverður*.

*örglast*: rísa upp með erfiðismunum.

*örninn í forsal vinda*: að baki er orðalag úr þekktri þjóðvísu: Örninn flýgur fugla hæst í forsal vinda./Hinn sér það láta lynda/að leika, kvaka, fljúga og synda.

*örreytiskot*: afar léleg bújörð, land sem lítið gefur af sér.

*Örvaroddssaga*: Örvar-Oddur var fræg hetja í samnefndri fornaldarsögu.

*örvona*: vonlaus.